

Exista

Sampo er upphafið að samruna á Norðurlöndunum



Sigurjón Þ. Arnason

Efast ekki aftur um fjármögnun Landsbankans



Ásta Kristjánsdóttir

Eskimo stefnir að fataframleiðslu undir eigin merki



Enn streyma innlán í LÍ

Innlagnir frá breskum fjárfestum halda áfram að streyma inn á Icesave, innlánsreikninga Landsbankans á netinu. Nú hafa 54 þúsund viðskiptavinir opnað Icesave-reikninga eftir að verkefninu var ýtt úr vör 10. október síðastliðinn. Alls nema innlán nú um 1.650 milljónum punda sem eru um 220 milljarðar króna. Frá áramótum hefur bankinn tekið á móti um þremur milljörðum króna í nýjum innlánum á degi hverjum.

Innlánin styðja við áframhaldandi vöxt bankans og auka lausafé hans.

Sigurjón Þ. Arnason, bankastjóri Landsbankans, segir í viðtali við Markaðinn í dag að Icesave hafi orðið til þegar leit að var að framtíðarlausn á fjármögnun bankans eftir það umrót sem varð á innlendum fjármálamarkaði í fyrra. - eþa / sjá bls. 12-13

Afkoma Marel undir spám

Marel tapaði hálfri milljón evra á lokafjórðungi síðasta árs samkvæmt uppgjöri sem birt var í gær. Tapið nemur rúmum 44 milljónum króna.

Sala á ársfjórðungnum tvöfaldaðist engu að síður miðað við sama tímabil árið áður. Sala ársins jókst um 61,7 prósent frá árinu 2005.

Hagnaður ársins 2006 var hins vegar 159.000 evrur miðað við 5,7 milljónir evra árið áður.

Hörður Arnarson forstjóri segir árið hafa verið viðburðaríkt og markast af metnaðarfullri stefnumörkun um þreföldun fyrirtækisins í stærð. Keypt voru tvö fyrirtæki sem gerðu að sögn Harðar Marel leiðandi félag á sínu sviði. Umfangsmikil samþætting er sögð hafa gengið vel og sé í samræmi við áætlanir.

Hörður segir að nást muni lækkun kostnaðar á flestum sviðum í rekstri félagsins, sölu- og markaðskerfi styrkist og að fjöldi nýrra vara á markað á ári hverju eigi eftir að tvöfaldast. - óka

FRÉTTIR VIKUNNAR

Finnland heillar | Fjármálafyrirtækið Exista hefur tryggt sér rúmlega 15 prósentu hlut í finnska tryggingafélaginu Sampo. Áætlað meðalverð var 20,5 evrur á hlut sem jafngildir því að kaupverð nemi um 170 milljörðum króna.

Óbreyttir vextir | Seðlabanki Íslands ákvað á fimmtudag að halda stýrivöxtum óbreyttum í 14,25 prósentum. Davíð Oddsson seðlabankastjóri sagði verðbólgu hafa hjaðnað en sagði bankann hækka vexti versni horfurnar.



Ímynd Íslands | Ísland lenti í 19. sæti þar sem styrkur ímyndar landsins í alþjóðlegu samhengi var mældur. Á listanum voru 35 lönd og Ísland því rétt undir meðaltalinu. 30.000 manns tóku þátt í könnuninni, sem kynnt var á Viðskiptaþingi.

Ódýr þjónusta | Heildarþjónustugjöld viðskiptavina banka eru að meðaltali 62 prósentum hærri í Danmörku, Svíþjóð og Noregi en hér á landi, að því er fram kemur í kynningu frá Landsbankanum.

Taka lán | Fjárfestingafélagið Mileston ehf. gekk frá lánasamningi við alþjóðlega fjárfestingabankann Morgan Stanley um töku láns fyrir 16,5 milljarða króna til þriggja ára. Lánið er veitt í tengslum við endurfjármögnun félagsins sem meðal annars á tryggingafélagið Sjóvá hf.

Hærri verðbólga | Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,41 prósentustig frá síðasta mánuði og jafngildir það því að verðbólga síðastliðna 12 mánuði mælist 7,4 prósent, samkvæmt útreikningum Hagstofunnar.

Skoða samruna | Stjórnir VSB fjárfestingarbanka hf. og fjárfestingafélagsins FSP hf. hafa ákveðið að hefja viðræður um samruna félaganna.

Með lykilstöðu á fjármálamarkaði

Citigroup lánaði Exista 70 milljarða króna til kaupanna í Sampo. Exista fær 9,6 milljarða í arð á næstunni eftir að finnska félagið greindi frá afkomutölum síðasta árs.

Eggert Þór Aðalsteinsson
skrifar

Kaup Exista á 15,48 prósentu hlut í finnska fjármálafyrirtækinu Sampo Group, stærsta tryggingafélagi Norðurlanda, setur tvíeykið Exista og Kaupþing í lykilstöðu á norrænum fjármálamarkaði að mati sérfræðinga. Exista, sem er stærsti hluthafinn í Kaupþingi og líka í Sampo, ætlar með þessum kaupum að setja sig í lykilstöðu fyrir þá samrunahrinu sem fyrirsjáanleg er á norrænum fjármálamörkuðum, bæði í bankakerfinu og á tryggingamarkaði.

Sampo á þessa stundina fimm milljarða evra (440 milljarða króna) í lausafé. „Við höldum að það sé hægt að nota þetta reiðufé til góðra verka ...“ segir Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður Exista.

Sænska ríkið stefnir að sölu á fimmtungshlut sínum í Nordea, stærsta fjármálafyrirtæki Norðurlanda, og ætti Sampo að geta keypt þann hlut ef svo ber við, en stjórnendur finnska félagsins hafa lýst yfir áhuga sínum á hlutnum. Einnig gæti svo farið að Sampo hefði áhuga á kaupum á tryggingafélaginu Storebrand í Noregi þar sem Kaupþing er meðal stærstu hluthafa.

Exista sjálft hefur mikla fjárhagslega burði til

frekari fjárfestinga á Norðurlandamarkaði og ekki er talið ólíklegt að félagið hafi áhuga á að kaupa meira í Sampo til að styrkja stöðu sína. Samkvæmt heimildum Markaðarins fékk Exista 70 milljarða króna lán frá Citigroup til kaupa á 11,1 prósentu hlut í Sampo í síðustu viku.

Stjórn Sampo leggur til að greiddar verði 1,2 evrur í arð á hvern hlut fyrir síðasta rekstrarár. Exista fær því að öllum líkindum 9,6 milljarða króna arð í vasann. Heildararðgreiðsla ársins nemur því rétt tæpum 62 milljörðum króna.

Sampo hagnaðist um 1.353 milljónir evra fyrir skatta í fyrra, um 120 milljarðar króna. Hagnaður fyrir skatt jókst um 4,5 prósent á milli ára og nam arðsemi eigin fjár 22,6 prósentum. Hreinar fjárfestingatekjur námu 31,7 milljörðum króna og drögust saman um 22 prósent. Samsett hlutfall tjónakostnaðar og rekstrarkostnaðar af tryggingastarfsemi var 89 prósent sem er mun lægra hlutfall en þekkist hér á landi.

Í nóvember seldi Sampo bankastarfsemi sína fyrir 360 milljarða króna. Nam söluhagnaður um það bil 256 milljörðum króna sem verður bókfærður á fyrsta fjórðungi þessa árs. Í Morgunkorni Glitnis kemur fram að þar sem Exista gerir Sampo-bréfin upp með hlutdeildaraðferð, en ekki á markaðsgengi, verði hlutdeild félagsins fjörutíu milljarðar króna í fyrrgreindum söluhagnaði. Sjá bls. 10

Verðmæti fjármálafyrirtækja eykst um 300 milljarða

Virði fjármálafyrirtækja og fjárfestingarfélaga í Kauphöllinni hefur vaxið yfir 300 milljarða króna frá áramótum í kjölfar mikilla hækkana á hlutabréfum þessara félaga það sem af er ári.

Hækkanirnar eru raktar til ágættra ársuppgjöra, fréttu af kaupum í finnsku fjármálafyrirtækjunum FIM Group og Sampo

Group og væntinga um áframhaldandi ytri vöxt íslensku bankanna.

Við lokun markaða á mánudaginn hafði verðmæti Kaupþings, stærsta félagsins á markaði, aukist um 107 milljarða króna frá áramótum. Landsbankinn kemur næstur með 56 milljarða aukningu markaðsvirðis og Exista með tæpan 51 milljarð.

Á mánudaginn hafði ekkert þessara fjármálafyrirtækja hækkað meira en Exista, sem var með 21 prósentis hækkun, en Landsbankinn kom þar næstur á eftir með yfir níttján prósentu gengishækkun.

Áframhaldandi hækkun varð á markaði á þriðjudaginn og jókst þar með markaðsvirði þessara fyrirtækja. - eþa

120
1886
2006

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

USD 6,1%*

ISK 14,9%

EUR 4,4%*

GBP 5,9%*

Markmið

Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibanka-markaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

Peningabréf Landsbankans

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, visast til útboðslysingar og útdráttar úr útboðslysingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

*Nafnvöxtun á ársgrundvelli frá 3. janúar – 1. febrúar 2007

GENGISPRÓUN		
	Vika	Frá áramótum
365	-5%	-17%
Actavis	0%	9%
Alfesca	-2%	-7%
Atlantic Petroleum	6%	11%
Atorka Group	0%	-2%
Bakkavör	0%	7%
FL Group	1%	17%
Glitnir	2%	12%
Hf. Eimskipafélagið	-3%	-6%
Kaupþing	3%	17%
Landsbankinn	4%	19%
Marel	0%	-5%
Mosaic Fashions	0%	-6%
Straumur	-1%	10%
Össur	-3%	-6%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánuðaginn

Auknar valdheimildir kalla á kærunefnd

Í ljósi aukinna valdheimilda Fjármálaeftirlitsins sem frumvarp til laga um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði felur í sér ætti að endurvekja kærunefnd. Þetta kom fram í máli Gunnars Viðars, forstöðumanns lögfræðiráðgjafar Landsbanka Íslands á morgunverðarfundi Samtaka atvinnulífsins og Samtaka fjármálafyrirtækja um viðurlög við efnahagsbrotum á Grand hóteli í Reykjavík í gær.

Gunnar Viðar bendir á að Fjármálaeftirlitinu sé ætlað að taka þátt í samningu laga, taka þátt í samningu reglugerða, semja reglur og tilmæli, hafa



Á MORGUNVERÐARFUNDI Vel var mætt á morgunverðarfund Samtaka atvinnulífsins og Samtaka fjármálafyrirtækja á Grand hóteli í gær.

eftirlit með framkvæmd laga, reglugerða og reglna og rannsaka brot, auk þess sem því sé ætlað að dæma. Hann segir frumvarpið þó almennt séð komið í ásættanlegt horf, þótt gagnrýniverð hafi verið hvernig að því var staðið.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, setti fundinn og stýrði honum, sem og fyrirspurnum og umræðum eftir hann. Einnig fluttu erindi Lára S. Lárusdóttir, skrifstofustjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, sem fjallaði um frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum og Áslaug Árnadóttir, lögfræðingur í sama ráðuneyti, sem fjallaði um frumvarp til laga um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði. Þá var einnig með framsögu Guðrún Björk Bjarnadóttir, lögmaður hjá Samtökum atvinnulífsins og ræddi viðurlög við brotum á samkeppnislögum.

Þáttaskil Milestone

Milestone hefur fengið 16,5 milljarða króna lán til þriggja ára frá fjárfestingabankanum Morgan Stanley. Um er að ræða lán vegna endurfjármögnunar fyrirtækisins á láni vegna kaupa á Sjóvá. Auk Sjóvár liggja helstu eignarhlutir Milestone í fimm tungshlut í Glitni og 85 prósent hlut í Askar Capital fjárfestingabanka.

Guðmundur Ólason, forstjóri Milestone, segir fjármögnunina mikla viðurkenningu fyrir félagið sem mun skila sér í skýrari áherslum auk jákvæðra áhrifa á rekstur og efnahag.

- eþa

Þriggja milljarða hagnaður Eik Bank

Skráning á ICEX fyrirhuguð á fyrri hluta ársins.

Færeyska fjármálafyrirtækið Eik Bank Group, sem áður nefndist Föroya Sparikassi, skilaði um þriggja milljarða króna hagnaði á síðasta ári sem er tvöfalt betri afkoma en árið áður. Eik Bank er stærsti stofnfjáreigandinn í SPRON en íslenskir fjárfestar eru atkvæðamiklir í eigendahópi færeyska bankans eins og Markaðurinn hefur greint frá.

Arðsemi eiginfjár var um 27,3 prósent samanborið við 15,3 prósent árið 2005. Hreinar rekstrartekjur bankans námu 4,5 milljörðum króna og hækkuðu um 28

prósent á milli ára.

Meðal tekna á síðasta ári var 160 milljóna króna arðgreiðsla frá SPRON. Eignir bankans voru 140 milljarðar króna í árslok.

Stjórnendur félagsins boða skráningu bankans í Kauphöll Íslands og á færeyska verðbréfamarkaðinn á fyrri hluta þessa árs. Útlit er fyrir gott ár að mati stjórnenda bankans sem reikna með að hagnaður hans verði um þrír milljarðar króna fyrir skatta, arðgreiðslur og breytingar á verðmæti eignahluta.

- eþa

VBS og FSP ræða samruna félaganna

Stefnt að niðurstöðu fyrir páska.

Stjórnir VBS fjárfestingarbanka hf. og fjárfestingafélagsins FSP hf. hafa ákveðið að hefja viðræður um samruna félaganna, að því er fram kemur í tilkynningu þeirra til Kauphallarinnar.

VBS fjárfestingarbanki er í eigu 80 hluthafa en FSP er fjárfestingafélag í eigu sparisjóða og sparisjóðatendra félaga. Fram kemur að stefnt sé að niðurstöðu viðræðna eins fljótt og verða meg. Af þessum ástæðum hefur aðalfundi VBS fjárfestingabanka, sem átti að vera 23. þessa mánaðar, verið frestað.

„Komi til samruna félaganna verður til nýtt afl á fjármálamarkaði með fjölbreytta starfsemi og verðmæt tengsl við viðskiptavinum og hluthafa,“ segja félögin.

„Við ætlum okkur tiltölulega stuttan tíma í þetta,“ segir Kjartan Broddi Bragason, framkvæmdastjóri FSP, og gerir ráð fyrir að í ljós komi fyrir páska hvort félögin renni saman. Hann áréttar þó að ekkert sé hægt að gefa sér fyrirfram í þeim efnum hvort niðurstaða viðræðnanna verði á þá leið að stjórnir félaganna treysti sér til að mæla með samruna þeirra við hluthafa á aðalfundi. „En menn færu náttúrulega ekki af stað í þetta nema að þeir teldu af því einhvern ávinning.“ Hann segir klárlega samlegðaráhrif sem hægt væri að ná fram með samrunanum, þar sem félögin hafi að nokkru starfað á ólíkum sviðum auk þess sem eigendahópurinn eflidist.

- óká

Actavis kaupir lyfja-verksmiðju á Indlandi

Kaup Actavis á sérhæfðri indverskri lyfjaverksmiðju eru að sögn stjórnenda félagsins mikilvægt skref til að draga úr framleiðslukostnaði og auka stjórn á framleiðsluferlinu.

Hólmfríður Helga Sigurðardóttir
skrifar

Actavis hefur keypt indverska lyfjaverksmiðju sérhæfða í framleiðslu á virkum lyfjafnum, þeim hluta lyfja sem stýrir virkni þeirra. Seljandi verksmiðjunnar er indverska lyfjafyrirtækið Sanmar Speciality Chemicals. Kaupverð verksmiðjunnar er ekki gefið upp.

Í verksmiðjunni, sem er í nánd við borgina Chennai í Suður-Indlandi, eru framleidd fimmtán virk efni, auk þess sem unnið er að þróun rúmlega tíu til viðbótar. Það eru um það bil fimmtán prósent af heildarfjölda lyfja í þróun hjá samstæðunni.

Undanfarin ár hefur framleiðsla verksmiðjunnar verið seld til Bandaríkjanna og Evrópu. Sölu til þriðja aðila verður haldið áfram auk þess sem verksmiðjan mun framleiða hráefni fyrir hluta af þeim fullbúnu lyfjum sem Actavis er þegar með í þróun. Þau lyf er ráðgert að setja á markað á næstu árum.

Alls hefur Actavis nú yfir þrjátíu virk lyfjafni í þróun. Með kaupnum styrkir félagið framleiðslugetu sína verulega á því sviði. Það segja stjórnendur félagsins mikilvægt skref að því markmiði að lækka framleiðslukostnað og hafa aukna stjórn á framleiðsluferlinu. Um helmingur af framleiðslukostnaði félagsins fellur til vegna kaupa á virkum lyfjafnum.

Stjórnendur Actavis kynntu í gærmorgun kaupin og framtíðaráætlanir félagsins á Indlandi fyrir starfsfólki Actavis á Indlandi. Við það tækifæri sagði Róbert Wessman, forstjóri Actavis, að frekari yfirtöku félagsins á Indlandi sé ekki að vænta í brád, enda hafi það náð góðri stöðu á þeim sviðum framleiðsluferlisins sem lögð var áhersla á. Nú verði aukið fjármagn lagt í að efla frekar þá starfsemi sem félagið hefur þegar í landinu. Meðal annars er áætlað að auka framleiðslugetu lyfjaverksmiðjunnar Grandix, sem Actavis keypti í desember, úr 600 milljónum taflna í



RÓBERT WESSMAN Forstjóri Actavis kynnti kaupin á Grandix í grennd við borgina Chennai í Suður-Indlandi í gær og sagði að með kaupnum væri að sinni lokið yfirtökum Actavis í landinu.

fjöra milljarða tafla. Auk þess verður fjárfest í lyfjaverksmiðju Sanmar. Á næstu árum stefnir félagið að því að fjárfesta fyrir þrjá til fjóra milljarða króna samhliða auknum umsvifum á Indlandi.

Alls starfa eftir kaupin 620 manns hjá Actavis á Indlandi, í borgunum Chennai, Bangalore og Hyderabad. Á sama tíma og verksmiðja Grandix var keypt var ný þróunareining opnuð sem mun þróa aukinn hluta af virkum efnum samstæðunnar á næstu árum. Þá fjárfesti Actavis í Lotus á árinu 2005, sem sérhæfir sig í frásögsprófunum.

◇	A	B	C	D	E	F
1						
2						
3						
4						
5						
6						
7						
8						
9						
10						
11						
12						
13						
14						
15						
16						
17						
18						
19						

+ NJÓTTU ÁVINNINGA,
FORGJAFAR OG ÞÆGINDA
Í ICELANDAIR GOLFERS

+ Þú getur skráð þig í Icelandair Golfers á www.icelandairgolfers.is

'07 70ÁR Á FLUGI

Icelandair Golfers auðveldar kylfingum að leggja stund á íþrótt sína erlendis. Félagar geta ferðast ótakmarkað með Icelandair án þess að greiða sérstakt gjald fyrir golfsettið. Frábærar golfferðir, með og án fararstjóra, eru í boði auk afsláttarkjara og tilboða hjá ýmsum samstarfsaðilum.

Icelandair Golfers, í samvinnu við GB Ferðir, bjóða upp á freistandi golfferðir til fjölda áfangastaða: Foxhills, Donnington Valley, St. Andrews.

Einfalt reikningsdæmi – við komum þér þangað.



Golfers

Blásum á keppinautana!

Himinn og haf / SIA - 9070015



Besta ávöxtunin 2006

Eins og þessar nótur sýna voru SPRON Verðbréf með langbestu ávöxtun sambærilegra sjóða á markaði eða **43,18%.***

Um er að ræða **Alþjóðlegan hlutabréfasjóð**, en markmið hans er að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu sem hentar sérlega vel fyrir þá sem vilja fjárfesta til langs tíma.

Kynntu þér málið nánar á **www.spronverdbref.is**


VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

*Nafnávöxtun árið 2006 á alþjóðlegum hlutabréfasjóðum-global, reknun af innlendum rekstrarfélögum skv. www.sjodir.is

Alþjóðlegur hlutabréfasjóður er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON. Útboðslýsingu má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa www.spronverdbref.is.

Eimskip selur Hafnarbakka

Gámaþjónustan hf. hefur keypt rekstur Hafnarbakka af Eimskip. Hafnarbakki hefur frá stofnun árið 1988 að mestu leyti verið í sölu og leigu á gámum og gámahúsum af ýmsum gerðum. Gámaþjónustan er aftur á móti sérhæfð í alhliða sorþþjónustu á landsvísu.

Í fréttatilkynningu er haft eftir Elíasi Ólafssyni, stjórnarformanni Gámaþjónustunnar, að kaupin á Hafnarbakka séu mikilvægur þáttur í að stækka félagið. Með kaupunum geti félagið boðið víðtækari lausnir.

Bláa lónið opnað í Kaupmannahöfn

Bláa lónið opnar sína fyrstu verslun utan landsteinanna í Magasin du Nord í Kaupmannahöfn á föstudaginn.

Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa lónsins, segir ekki verða mikla viðhöfn vegna opunarinnar. „Það er frekar að við höldum upp á það ef vel gengur,“ segir hann. Verslunin er nokkurs konar búð í búð, en innréttað hefur verið um 30 fermetra rými í sama stíl og einkennir verslanir Bláa lónsins á Íslandi, hvort sem það er á baðstað, Laugavegi eða Leifsstöð.

Grímur segir að fyrirtækið noti Skandinavíu sem reynslu-



VERSLUN BLÁA LÓNSINS Í LEIFSTÖÐ Allar verslanir Bláa lónsins koma til með að hafa sama yfirbragð hvar sem þær eru staðsettar í heiminum. Hér getur á að líta nýja verslun undir merkjum Blue Lagoon í Leifsstöð.

markað, en til stendur að opna á fleiri stöðum í Danmörku á næstunni auk þess sem fara eigi inn í stærsta magasín

Svíá. Aðaláherslan í útrásinni er lögd á húðvörur Bláa lónsins, en Grímur segir rannsóknir fyrirtækisins sýna að vörumerkið „Blue Lagoon“ sé orðið mjög þekkt á Norðurlöndum. „Við erum svo að undirbúa innkomu á Bretlandsmarkað, en við förum með svipuðum hætti inn í Selfridges í Lundúnum í vor eða snemmsumars,“ segir Grímur og væntir þess að þá verði búið að sníða af einhverja agnúa sem í ljós kunni að koma í Skandinavíurekstrinum. „Bretland sjáum við sem fyrsta alvörustökkið inn á heimsmarkaðinn.“

- óká

Tchenguiz hagnaðist vel

Félög í eigu milljarðamæringins Roberts Tchenguiz og tengdra aðila, högnuðust gríðarlega á sölu 9,5 prósentu hlutar í Sampo Group til Exista á dögnum. Skotið hefur verið á að söluhagnaðurinn nemi 300 milljónum evra eða 26,5 milljörðum króna. Sampo hefur hækkað um tæpan fjórðung á einu ári en félög í eigu Tchenguiz-fjölskyldunnar eignuðust bréfin í mars í fyrra.

Exista borgaði að hluta til með bréfum í sjálfu sér og verður Tchenguiz Family Trust eigandi að tæplega fimm prósentu hlut í félaginu.

- eþa

Landar feitum samningi

Dótturfélag breska iðnaðarfyrirtækisins NWF Group, sem er að fimmtungshluta í eigu Atorku, landaði stórum samningi um vörudreifingufyrir Typhoo Tea. Í honum felst að Boughey Distribution dreifir og heldur utan um birgðir teframleiðandans í Bretlandi og erlendis. Annað breskt félag sem Atorka á hlut í, Romag Holding,

hefur einnig verið í sviðsljósinu. Hlutabréf í félaginu hafa hækkað um helming frá áramótum eftir að félagið gerði samning við Q-Cell um notkun sólarrafhlaðna við glerframleiðslu fyrirtækisins.

Atorka er stærsti hluthafinn í NWF Group og annar stærsti í Romag með þrettán prósentu hlut.

- eþa

Vaxtamunur hefur minnkað frá 2003

Munurinn er sambærilegur við Svíþjóð.

Frá árinu 2003 hefur raunverulegur vaxtamunur hér minnkað úr 5,0 prósentum í 3,4 prósent, samkvæmt útreikningum Landsbankans. Í lok síðasta árs var vaxtamunur í Svíþjóð 3,7 prósent.

Hins vegar eru til margar leiðir til að finna út vaxtamun og því hefur að undanförunni verið flaggað að ýmsum tölum, allt frá 8 og upp í 13 prósentu vaxtamun.

Yngvi Örn Kristinsson, framkvæmdastjóri verðbréfasíðs Landsbanka Íslands, segir útreikninga sem fá úr svo mikinn vaxtamun byggja á vaxtatölum sem séu á jaðrinum, það er að segja vaxtaþrósentum sem snerti ekki nema örlítinn hluta markaðarins eða séu lítið notaðar. Viðmiðanirnar segir hann fengnar úr töflu Seðlabankans frá árinu 1960 sem byggja að hluta á reikningum sem fólk sé að mestu hætt að nota.

Til að bregða upp sem gleggstri mynd af „raunverulegum vaxtamun“, þeim sem heimili og fólk almennt býr við segir Yngvi hins vegar eðlilegt að skoða innlán heimilanna í land-



Á VIÐSKIPTAPINGI 2007 Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja, Finnur Sveinbjörnsson, forstjóri Icebank, og Yngvi Örn Kristinsson, framkvæmdastjóri verðbréfasíðs Landsbanka Íslands.

inu í heild sinni og útlánin í heild sinni og bera svo saman muninn á vöxtunum sem þau bera. Í lok síðasta árs námu meðalvextir útlána 15,7 prósentum og meðalvextir innlána rúmum 12,3 prósentum. Munurinn er 3,4 prósent. „Meginniðurstaða er hins vegar sú að vaxtamunur í viðskiptum einstaklinga er hærri en vaxtamunur í viðskiptum við fyrirtæki, en það er bara eins og gengur og gerist,“ segir Yngvi og bendir á að meiri kostnaður falli til í bankakerfinu við að lána einstaklingum, lán séu fleiri og lægri, auk þess sem útlánatap sé ívið meira á lánum til einstaklinga, sérstaklega á öðrum lánum en til fasteignakaupa.

- óká

Verð hlutabréfa hækkar áfram á Norðurlöndum

Kaupþing í Noregi spáir 25 til 40 prósentu hækkun hlutabréfaverðs í Svíþjóð á árinu og 25 til 30 prósentum á Norðurlöndum. Sérstaða norrænna fyrirtækja er sögð standa.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Miklum áframhaldandi hækkunum á hlutabréfaverði er spáð á norrænum mörkuðum í nýlegri skýrslu greiningardeildar Kaupþings í Noregi.

„Þrátt fyrir vaxandi markaði síðustu fjögur ár getum við ekki annað en tekið djúpt í árinu,“ segir Kim Evjenth, forstöðumaður deildarinnar. Við sjáum möguleika á 25 til 40 prósentu vexti í sænskum hlutabréfum, og næstum jafnmikinn vöxt á öðrum Norðurlandamörkuðum.“

Á heildina lítið spáir greiningardeildin 25 til 35 prósentu vexti á hlutabréfamörkuðum á Norðurlöndum á þessu ári. Grunnforsendur vaxtar eru til staðar og sömu lögmál að verki og síðustu ár segir í greiningunni.

Ásgeir Jónsson, forstöðumaður



KIM EVJENTH Kim er forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings banka í Noregi. Í nýrri skýrslu um norrænan hlutabréfamarkað spáir hann áframhaldandi tveggjatöluvexti.

greiningardeildar Kaupþings hér heima, segir skandinavísk félög njóta nokkurrar sérstöðu og ljóst að Íslendingar séu í auknum mæli teknir að sækja inn á þann markað. „Það hefur á nokkrum árum orðið alveg gríðarleg aukning,“ segir hann og rifjar upp hvernig áhersla í erlendum hlutabréfa-kaupum hafi árin 1999 og 2000 nánast einskorðast við Bandaríkin. „Skandinavíski markaðurinn hefur hins vegar kosti vegna þess að færa má fyrir því rök að ef keypt eru stór fyrirtæki á svona litlum mörkuðum, fyrirtæki sem náð hafa út fyrir eigin landsteina, þá séu það svokallaðir *market leaders*. Alengt er með þessi skandinavísku félög, sem á annað borð hafa náð að verða stór, að þau hafi fundið sér einhver sersvið og orðið leiðandi hvert á sínu sviði.“ Þetta segir Ásgeir að megi svo líka heimfæra upp á íslensku félögin sem náð hafi að vaxa utan landsteinanna. „Af þeim sökum getur verið vænlegra að kaupa stór fyrirtæki á svona mörkuðum en kannski í Þýskalandi, þar sem eru nokkur stór fyrirtæki, en ekki endilega leiðandi í því sem þau eru að gera.“

Ásgeir segir að fjárfestar hér hafi gert sér þessa sérstöðu norrænna fyrirtækja ljósa og upp úr 2005 hafi bæði bankar og lífeyrissjóðir tekið mikið af stöðum í fyrirtækjum á Norðurlöndum.

Metafkoma hjá Statoil

Norski olúrisinn Statoil skilaði methagnaði á síðasta ári. Hagnaður félagsins nam 40,6 milljörðum norskra króna, sem svara til 444 milljarða íslenskra króna og 31 prósentustigs hækkunar milli ára. Þetta er í samræmi við afkomu stærstu olíufélaga í heimi sem flest hver skiluðu metafkomu á árinu vegna tíðra verðhækkana

á hráolíu. Fyrir liggur hjá Statoil á árinu að taka yfir olíu- og gasframleiðsluhluta norska orku- og álframleiðandans Norsk Hydro. Með samruna félaganna verður til stærsta olíufélag í heimi með framleiðslugetu upp á 1,9 milljónir olíutunna á dag.

Norska ríkið mun eiga 67 prósentu hlut í sameinuðu félagi.

- jab



BORPALLUR STATOIL Norska olíufélagið Statoil á hlut í djúpborun við Mexíkóflóa ásamt fleiri fyrirtækjum á svæði þar sem talið er að sé stærsta olíulind aldarinnar.

MARKAÐURINN/AFP



Egill „Jón“ Einarsson – Starfsmaður Jóna Transport

Láttu Jón sjá um málið

Hjá Jónum Transport bjóðum við upp á alhliða þjónustu varðandi inn- og útflutning.

Við komum sendingunum örugglega frá upphafsstað til endastöðvar, í sjó- eða flugfrakt, ásamt tilheyrandi pappírssvinnu. Þú bara hringir og Jón sér um málið.

Jónar Transport


„Konan mín skilur mig ekki“

Kristján er einn af tæknimönnum Nýherja. Þekking hans og sérhæfing á sviði upplýsingatæknilausna er slík að aðeins fáir skilja. Og það er allt í lagi. Þannig á það að vera! Annars væri það ekki sérþekking.

Kristján og samstarfsfólk hans leggur metnað sinn í að nýta þekkingu sína til að auka ávinninginn fyrir þig og fyrirtæki þitt. Það er þeirra fag.

P.S. Hjónaband Kristjáns og konu hans er til fyrirmyndar, þótt hún geti ekki útskýrt nákvæmlega hvað hann gerir.

Hirnin og hátt / SJA



Nýherji er markaðsdrifið þekkingarfyrirtæki sem sérhæfir sig í framsæknum lausnum á sviði upplýsingatækni. Hlutverk fyrirtækisins er að skapa virðisauka með þekkingu starfsmanna á upplýsingatækni, rekstri fyrirtækja og þörfum viðskiptavina. Með frábæru starfsfólki, betri lausnum og góðri samvinnu skapast forskot sem viðskiptavinir okkar þekkja.


NÝHERJI

Borgartúni 37 | 105 Reykjavík | Sími 569 7700 | Fax 569 7799 | nyherji@nyherji.is | nyherji.is

Aldrei betri vöruskipti

Vöruútflutningur frá Þýskalandi nam 893,6 milljörðum evra, jafnvirði rúmlega 79.200 milljarða króna, í fyrra en það er 14 prósentu aukning á milli ára. Innflutningur í fyrra nam 731,7 milljörðum evra, tæplega 64.900 milljörðum króna. Þetta jafngildir því að vöruskipti hafi verið jákvæð í Þýskalandi um 161,9 milljarða evra. Það svarar til 14.400 milljarða íslenskra króna.

Afkoman hefur ekki verið betri í Þýskalandi síðan Vestur-



BMW Góð sala á eðalvögnum BMW í Asíu í fyrra á hlut að jákvæðum vöruskiptum í Þýskalandi.

og Austur-Þýskaland runnu saman árið 1990. Mestu munar um sölu á nýjum bílum undir merkjum BMW sem skilaði metafrömu á árinu í Asíu. Sala á þýsku eðalbílunum í álfunni jókst um 14

prósent á milli ára. BMW stefnir á stóra hluti í Asíu á næstu árum en fyrirtækið stefnir að því að reisa verksmiðju á Indlandi sem verður sú fimmta í álfunni auk þess sem horft er til þess að sala á bílum af þessari gerð muni aukast talsvert eystra á næstu árum.

- jab

Vanhæfni hamlar samkeppnishæfni

Slæmir millistjórnendur fyrirtækja í Bretlandi draga svo úr afköstum starfsmanna að afkoma fyrirtækja hefur dregist mikið saman síðustu ár. Áætlað er að slælegir stjórnarhættir þeirra verði til þess að breskt efnahagslíf verði af mörg hundruð milljörðum króna á ári hverju vegna þessa.

Þetta kemur fram í nýlegri skýrslu ráðgjafarfyrirtækisins Hay Group, sem kannaði hug forstjóra hjá fjölmörgum fyrirtækjum í Bretlandi.

Í skýrslunni kemur fram að 38 prósent forstjóra í breskum fyrirtækjum telja fyrirtæki lömuð



VERSTI STJÓRI Í HEIMI? Nýleg bresk skýrsla sýnir að vanhæfir millistjórnendur draga mjög úr samkeppnishæfni fyrirtækja.

vegna slæmra millistjórnenda en 40 prósent þeirra telja millistjórnendur illa í stakk búna til að sinna starfi sínu. Sumir þeirra taka jafnvel enn dýpra í árinni og telja að vanhæfir millistjórnend-

ur standi í vegi fyrir því að fyrirtæki í Bretlandi nái markmiðum sínum.

Giles Walker, einn af höfundum skýrslunnar, segir niðurstöðurnar sýna að nauðsynlegt sé að skipta vanhæfum millistjórnendum út fyrir aðra hæfari ætli bresk fyrirtæki ekki að verða undir í baráttunni í alþjóðlegri samkeppni.

Skýrslan sýnir hins vegar að millistjórnendum er ekki einum um að kenna því svo virðist sem æðstu stjórnendur í breskum fyrirtækjum hafi hvorki yfir að ráða þekkingu né hæfni í mannahaldi sem skili sér aftur í lélegri millistjórnun.

- jab

Yfirtökutilraunin rann út í sandinn

Lokatilraun bandaríska hlutabréfamarkaðarins Nasdaq til að yfirtaka bresku kauphöllina í Lundúnum í Bretlandi (LSE) rann út í sandinn á laugardag þegar sárafaír hluthafar í LSE ákváðu að taka tilboði markaðarins í bréfin.

Stjórn Nasdaq, sem hefur allt frá því snemma á síðasta ári reynt að gera yfirtökutilboð í LSE, gaf hluthöfunum upphaflega lokafrest fram til loka síðasta mánaðar til að taka óvinveittu yfirtökutilboði í bréfin. Þegar sýnt þótti að fáir voru fylgjandi tilboðinu var það framlengt fram á laugardag. Lengri frestur virðist hins vegar hafa skilað litlu því einungis 0,41 prósent hluthafa ákvað að taka tilboðinu.

Áður en greint var frá ákvörðun hluthafa bréfa í LSE sögðu breskir fjölmiðlar frá því að litlar líkur væru á því að gengið yrði að tilboði Nasdaq þar sem lokaenging LSE á föstudag var talsvert yfir tilboðinu, sem hljóðar upp á 1.243 pens á hlut. Það jafngildir 2,7 milljörðum punda eða ríflega 367 milljörðum íslenskra króna.

Nasdaq gerði fyrst yfirtökutil-



KAUPHÖLLIN Í LUNDÚNUM Yfirtökutilraun bandaríska hlutabréfamarkaðarins Nasdaq til að taka LSE rann út í sandinn um helgina.

MARKAÐURINN/AFP

boð í LSE snemma á síðasta ári. Þegar það var fellt hóf markaðurinn kaup á hlutum í kauphöllinni og fer nú með tæpan þriðjung þeirra. Niðurstaðan um helgina felur í sér að Nasdaq getur ekki lagt fram nýtt yfirtökutilboð í LSE fyrr en í fyrsta lagi um mitt næsta ár.

- jab

Samdráttur slær á afkomu Warner

Bandaríska útgáfufyrirtækið Warner Music, fjórða stærsta útgáfufyrirtæki í heimi, skilaði einungis 18 milljóna bandaríkjadala hagnaði á síðasta ársfjórðungi 2006. Þetta svarar til rétt rúmra 1,2 milljarða íslenskra króna sem er hvorki meira né minna en 75 prósentu samdráttur á milli ára. Mestu munar um talsverðan samdrátt í sölu á geisladiskum á tímabilinu í Bandaríkjunum og Evrópu. Sala á stafrænni tónlist á netinu jókst hins vegar nokkuð á tímabilinu.

Tekjur af sölu tónlistar á geisladiskum fyrirtækisins námu 800 milljónum dala, 54,5 milljörðum króna, sem er 13 prósentu samdráttur á milli ára. Til samanburðar skilaði útgáfufélagið 69 milljóna dala, eða 4,7 milljarða króna, hagnaði á síðasta ársfjórðungi árið 2005.

Sala á stafrænni tónlist á netinu nam 100 milljónum dala, jafnvirði 6,8 milljörðum króna, á sama tíma. Það er 45 prósentu aukning á milli ára. Sala sem þessi nemur hins vegar ekki nema um 11 prósentum af heildartekjum fyrirtækisins.

Undir útgáfuhatti Warner eru stórstjörnur á borð við Madonna, James Blunt, Green Day og My Chemical Romance en sala á diskum síðasttöldu hljómsveitarinnar var nokkuð minni er gert hafði verið ráð fyrir.

- jab

POPPGYÐJAN MADONNA

Hagnaður útgáfufyrirtækisins Warner dróst saman um 75 prósent vegna minni sölu á tónlist á geisladiskum á síðasta ársfjórðungi.



Jón Aðalsteinn Bergsveinsson skrifar

Breska matvörukeðjan Tesco hefur svipt hulunni af áætlunum sínum um heilmikið landnám í Bandaríkjunum á næstu árum. Matvörukeðjan, sem er sú þriðja stærsta í heimi, ætlar að reisa fyrstu verslanir sínar í námunda við Phoenix í Arizona en hefur tryggt sér lóðir fyrir allt að 20 verslanir í Las Vegas, San Diego og í Los Angeles sem verða byggðar á þessu ári. Tesco ætlar hins vegar hvorki að nota vörumerkið sitt né heiti verslanakeðjunnar líkt og í öðrum löndum. Verslanir Tesco vestanhafs munu heiti Fresh & Easy Neighborhood Market og bera annað merki en í Bretlandi og í Kína. Höfuðstöðvar keðjunnar verða í Kaliforníu. Árið virðist byrja einkar vel hjá Tesco en fyrir um hálfum mánuði opnaði verslanakeðjan sína fyrstu stórverslun í útjaðri Pekingborgar í Kína en stefnir á að reisa fjölda verslana í landinu, sem sagt er vera eitt af mikilvægustu nýmörkuðum í heimi.

Tim Mason, fyrrverandi markaðsstjóri Tesco sem hefur tekið við starfi forstjóra keðjunnar í Bandaríkjunum, sagði á fundi viðskiptaráðs Phoenix í síðustu



INNKAUPAKARFA FRÁ TESCO Verslanakeðjurin Tesco hefur tryggt sér 20 lóðir í Bandaríkjunum fyrir rekstur verslana. Keðjan hyggur á frekara landnám vestanhafs á næstu árum.

MARKAÐURINN/AFP

viku að staðsetningin væri tilvalinn byrjunarreitur fyrir landnám verslanakeðjunnar vestra og ætli hún að bjóða upp á „næringaríka matvöru í fyrsta gæðaflokki á kostakjörum“, líkt og hann tók til orða. Hefði fyrirtækið tryggt sér lóðir fyrir byggingu allt að tuttugu verslana til viðbótar auk þess sem fyrirhugað væri að reisa enn fleiri á næstu árum. Þá sé gert ráð fyrir að versl-

anakeðjan skapi 2.500 ný störf í Bandaríkjunum, að hans sögn.

Vegur Tesco hefur vaxið gríðarlega síðustu misserin. Í síðustu viku var greint frá því að markaðshlutdeild keðjunnar hafi vaxið um átta prósentustig á síðasta rekstrarfjórðungi sem lauk í enda janúar miðað við árið á undan og jafngildir það því að Tesco er með um 31,5 prósentu sneið af breska markaðnum.

Vodafone með forskot á Indlandi

Breski farsímarisinn Vodafone greindi frá því á sunnudag að fyrirtækið hefði keypt 67 prósentu hlut af félaginu Hutchison Whampoa í Hutchison Essar, fjórða stærsta farsímafélagi Indlands. Kaupverð nemur 11,1 milljarði bandaríkjadala, jafnvirði 753,8 milljörðum íslenskra króna.

Með kaupnum lýkur baráttu Vodafone við fjölda farsímafélaga víða um heim, sem lýst höfðu yfir áhuga á hlutum allt frá því Vodafone sagðist fyrst félaganna hafa áhuga á honum skömmu fyrir síðustu áramót. Á meðal keppnauta var indverska eignarhaldsfélagið Essar, sem fer með 33 prósent í félaginu. Stjórn Essar stendur hart á því að félagið eigi forkaupsrétt á meirihluta í félaginu og hefur hótad að fara með málið fyrir dóm yrði hann seldur öðrum.

Hvað sem því líður þykir Vodafone hafa tryggt sér ákveðið forskot á indverska farsíma-



AUGLÝSING FRÁ HUTCH Vodafone hefur keypt tæpa tvo þriðju hluta í indverska farsímafélaginu Hutchison Essar, sem í daglegu tali nefnist Hutch.

MARKAÐURINN/AFP

markaðnum með kaupnum. Greinendur segja þetta spennandi markað sem muni vaxa gríðarlega á næstu árum og benda á að nýjum viðskiptavinum farsímafélaga á Indlandi fjölgi um 6,5 milljónir í hverjum mánuði.

Breskir fjölmiðlar segja kaupin marka ákveðna þróun hjá Vodafone, sem hefur, líkt og önnur farsímafélög í Evrópu, horft til Afriku og Asíu í kjölfar mettnar á evrópska farsíma-markaðnum.

- jab

Öflug í grunnvinnunni

„Við hjá Arnarverki þurfum öflug tæki sem eru í fremstu röð í jarðvegsvinnu. Lýsing hefur ávallt verið fyrsti kosturinn þegar við höfum þurft á fjármögnun að halda. Hjá Lýsingu er unnið hratt og vel úr okkar málum af einstöku starfsfólki sem hefur skilning á þörfum okkar.“

Ágústa Einarsdóttir fjármálastjóri, Arnarverk ehf



Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir



Bíður dóms vegna ruslpóst

27 ára maður að nafni Joshua Eveloff á yfir höfði sér allt að þriggja ára fangelsi og sekt upp á jafnvirði allt að 17 milljónum íslenskra króna í Bandaríkjunum fyrir að senda margar milljónir af ruslpósti árið 2004. Tilgangurinn með póstsendingunum var að auglýsa hugbúnað sem gat stolið aðgangsorðum úr net-tengdum tölvum.

Eveloff játaði fyrir rétti í Iowa-ríki í Bandaríkjunum fyrir réttri viku að auk þess að bera ábyrgð á tölvupóstsendingunum þá hafi hann hagað upplýsingum í tölvuskeytnum þannig að ekki var að sjá að þau hefðu komið frá honum. Með athæfinu þykir Eveloff hafa brotið alríkislög í Bandaríkjunum, sem mæla gegn sendingu ruslpósta. Þá benti rannsókn bandarísku alríkislögreglunnar til þess að maðurinn hefði brotist inn í tölvukerfi fyrirtækis í Flórída og



RUSLPÓSTUR Tveir menn eiga yfir höfði sér allt að þriggja ára fangelsisdóm og tugmilljóna króna sekt fyrir að senda milljónir ruslpóstskeyta á netinu.

notað tölvur þess til að senda áfram að minnsta kosti 1,5 milljónir tölvuskeyta með auglýsingum af þessu tagi í sex klukkustundir.

Dómur fellur í máli Eveloffs í apríl næstkomandi. Maður sem var í vitorði með honum verður dæmdur á sama tíma en hann á yfir höfði sér álíka dóm fyrir athæfið.

- jab

Nýtt stýrikerfi eftir tvö ár

Bandaríski hugbúnaðarinn Microsoft ætlar að setja nýtt stýrikerfi á markað eftir tæp tvö ár. Þetta sagði Ben Fathi, einn af framkvæmdastjórum þróunardeildar Microsoft, á ráðstefnu um tölvumál í San Francisco í Bandaríkjunum um síðustu helgi.

Windows Vista, nýjasta stýrikerfið frá hugbúnaðarrianum kom á markað í lok síðasta mánaðar. Um sex ár liðu á milli nýrra stýrikerfa frá Microsoft en Windows XP kom á markað árið 2001. Allt frá þeim tíma birtust fréttir annað slagið þar sem var sagt að von væri á

nýju stýrikerfi frá fyrirtækinu. Vinnuheiti þess var Longhorn en ekkert bólaði á útgáfunni. Fathi sagði Microsoft hafa getað sett nýtt stýrikerfi á markað miklu fyrr. Helsta ástæðan fyrir því hafi verið tíðir tölvuormar sem herjuðu á nettengdar tölvur árið 2003 sem leiddu til þess að menn hjá Microsoft hefðu ákveðið að snúa sér að veiruvörnum í auknum mæli. Því hafi áherslan verið lögð á stóra uppfærslupakkann fyrir Windows XP, sem kom út í ágúst fyrir tveimur og hálfu ári.

„Gróflega talið liða tvö til tvö og hálf t ár þar til nýtt stýrikerfi verður nauðsynlegt,“ sagði Fathi.

- jab

Windows Vista blæs lífi í tölvusölu

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Einstaklingsútgáfa Windows Vista, nýjasta stýrikerfisins frá Microsoft, sem kom á markað undir lok síðasta mánaðar, hefur orðið til þess að stór- auka sölu á nýjum tölvum í Bandaríkjunum. Talið er að helsta ástæðan fyrir þessari kröftugu sölu sé að með þeim fylgdi ókeypis uppfærsla á stýrikerfinu auk þess sem stýrikerfið, ekki síst stærsta útgáfa þess, krefst talsvert stærri örgjörva og vinnsluminnis en eldri tölvur búa yfir.

Ef einungis er horft til sölu á nýjum einkatölvum í næstsíðustu viku janúarmánaðar og sama tíma í fyrra jókst sala á tölvum um heil 173 prósent á milli ára.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu markaðsrannsóknafyrirtækisins Current Analysis sem kannaði sölutölur á nýjum tölvum fyrir og eftir útgáfu stýrikerfisins. Niðurstaðan er sú að talsverður viðsnúningur er í sölu á borðtölvum sem dróst mikið saman á síðasta ári. Útlit var fyrir frekari samdrátt á þessu ári eða þar til stýrikerfið kom á markað.

Vinsælasta einstaklingsútgáfa stýrikerfisins er Windows Home Premium en 76 prósent fartölvueigenda hafa keypt það. Á móti hafa 59 prósent borðölvueigenda fest kaup á þessari útgáfu stýrikerfisins.

Sala á Windows Vista Ultimate, sem er stærsta og dýrasta einstaklingsútgáfa stýrikerfisins, er talsvert minni, en hana er einungis að finna í einu prósentu allra einkatölva sem keyra á nýja stýrikerfinu.

Sam Bhavnani, einn af höfundum skýrslunnar, segir að reiknað sé með því að kraftur muni koma í sölu á stærstu útgáfu stýrikerfisins eftir því sem á líður.

Microsoft sendi frá sér tilkynningu á fimmtudag í síðustu viku þar sem fram kemur ánægja



WINDOWS VISTA Í VERSLUN Sala á nýjum tölvum hefur stórkaukist í Bandaríkjunum eftir að nýjasta stýrikerfið frá Microsoft kom á markað. Markaðurinn/AFP

yfir góðum viðtökum tölvueigenda við nýja stýrikerfinu, sem er það fyrsta sem lítur dagsins ljós frá Microsoft síðan Windows XP kom á markað árið 2001.

Morgunverðarfundur um Cognos á Hótel Nordica 15. febrúar 2007

COGNOS®

STAÐLAÐAR LAUSNIR Í COGNOS 8

Fyrir fyrirtæki í heildsölu, smásölu og innflutningi á bifreiðum og vinnuvélum

DAGSKRÁ

8:30 til 8:40 Skráning og morgunverður

8:40 til 8:45 Setning
Guðmundur Stefán Jónsson,
viðskiptastjóri Cognos

8:45 til 9:45 Hvernig geta stjórnendur náð betri árangri í starfi sínu?
■ Mælaborð fjármálastjórans
■ Mælaborð innkaupa- og vörustjórans
■ Mælaborð framkvæmdastjórans
■ Sértekur greiningarlausnir fyrir fyrirtæki í tækjainnflutningi
■ Viðhald á breytum og forsendum í upplýsingakerfi
Marteinn Þór Arnar, Cognos ráðgjafi, Annata

9:45 til 10:00 Fyrirspurnir

Ein morgunstund gefur fyrirheit um framfarir í þínu fyrirtæki.

Ekki láta tækifærið renna þér úr greipum.
Skráðu þig í dag á www.hugurax.is/cognos.

HUGUR / AX

capacent

annata

Calidris

HugurAx

Guðríðarstíg 2-4

113 Reykjavík

Sími 545 1000

www.hugurax.is

hugurax@hugurax.is



HP Á HEIMSINS STÆRSTA AÐDÁENDAKLÚBB!

100 MILLJÓNIR LASERJET PRENTARA HAFA TRYGGT STÓRA
OG SMÁA SIGRA Á SKRIFSTOFUGÖNGUM UM ALLAN HEIM!

Það eru margar góðar ástæður fyrir brosum á andlitum HP LaserJet notenda. Ein af þeim er sú að þeir vita að þeir geta stólað á prentarann. Í 23 ár hefur HP sett viðmiðið í rekstaröryggi, nýsköpun, þjónustu og notendavænleika. Í stuttu máli sagt hefur HP verið í forystu í prentaratækni sem tryggir að viðskiptavinir okkar fá sem besta nýtingu út úr prenturum og sem mest fyrir peninginn. Kynntu þér einstaka eiginleika HP LaserJet prentaranna og mismunandi kosti þess að vera með hágæðaprentara á skrifstofunni þinni. Farðu inn á www.ok.is/HPklubbur strax í dag. Við erum viss um að þú verður fyrr en varir orðinn hluti af heimsins stærsta aðdáendaklúbbi.

NÚ ERU VALDIR HP LASERJET PRENTARAR Á TILBOÐSVERÐI



Farðu inn á www.ok.is/HPklubbur
og kynntu þér einstaka HP LaserJet prentara

OPIN KERFI

Sampo er upphafsreitur

Finnski tryggingarisinn situr á fimm milljörðum evra sem koma þarf í vinnu. Stjórnendur Sampo og forsvarsmenn Exista vilja taka þátt í samrunaferli á norrænum fjármálamarkaði. *Eggert Þór Aðalsteinsson* lítur yfir nýjustu atburði sem eru eflaust bara fyrsti leikur í skákinni.

Yfirlýsing Exista um að félagið ætti 15,48 prósent í Sampo Group, einu stærsta fjármálafyrirtæki Norðurlanda, vöktu tilfölsulega litla athygli hérlandis. Vera kann að Sampo, nánast óþekkt fyrirtæki í íslenskri umræðu, hafi ekki kveikt á mönnum né heldur upphæðin sem fellur inn í alla þá milljarða sem íslenskir fjárfestar hafa fjárfest í útrásinni miklu. Alltént lá ein staðreynd fyrir: Þetta var stærsta fjárfesting Íslandssögunnar, nærri tvöfalt meiri en sú næsta sem sennilega voru kaupin á Big Food Group. Viðmælendur Markaðarins segja að þessi kaup hafi verið í allt öðrum klassa en aðrar fjárfestingar Íslendinga í útrásinni og setur tvíeykið, Exista og Kaupþing, í lykilstöðu á norrænum fjármálamarkaði.

AFGERANDI HLUTUR

Fáar fréttir höfðu borist úr herbúðum Exista eftir að félagið var skráð í Kauphöllina í september á síðasta ári og voru sumir á markaði orðnir óþreyjufullir. Í aðdraganda skráningar höfðu forsvarsmenn félagsins lýst því yfir að félagið hygðist stækka með fjárfestingum í fjármálaþjónustugeiranum, samblandi tryggingarekstrar og fjármálastarfsemi, á Norðurlöndum og jafnvel í Bretlandi. Menn ætluðu að gefa sér tíma til að finna góð tækifæri. En loks kom fréttin sem var ekki af smærri endanum: Fjárfesting í stærsta tryggingafélagi Norðurlanda, fyrir 170 milljarða króna.

„Við sjáum þessa eign sem langtímaeign. Sampo er fyrirtæki sem er alveg eins og Exista, það selur tryggingar og fjárfestir,“ sagði Lýður Guðmundsson í samtali við Fréttablaðið í síðustu viku. Hann viðurkennir þó fúslega að töluverður stærðarmunur er á Sampo og Exista: Fyrirnefnda félagið er 3,5-falt verðmætara. Forsvarsmenn Exista telja að áhættan af þessum stórum kaupum sé hverfandi því Sampo er vel rekið tryggingafélag sem gengur inn í framtíðina með allar byssur hlaðnar. Exista verður kjölfestufjárfestir í Sampo með þessum kaupum og ætti að geta haft veruleg áhrif á stjórnun félagsins.

Eignarhald í norrænum fjármálafyrirtækjum er miklu dreifðara en hérlandis og því þarf minni eignarhlut til að komast til mikilla áhrifa. Annar stærsti hluthafinn í Sampo er finnska ríkið með 13,6



FRÁ SKRÁNINGU EXISTA Í KAUPHÖLLINA Í SEPTEMBER Sampo Group er með fimm milljarða evra í reiðufé. Stjórnandi félagsins vill stækka með yfirtökum á norrænna fjármálamarkaðnum og það sama hugsa stjórnendur íslenska fjármálaþjónustufyrirtækisins.

prósenta hlut, sem hefur verið hlédrægur eigandi þótt finnski fjármálaráðherrann Eero Heinäluoma hafi lýst því yfir að ríkið muni ekki selja hlutabréfin, enda er einkavæðing ekki á stefnuskránni á þeim vígstöðvum. Þriðji stærsti hluthafinn er lífeyrissjóðurinn Varma (8,5%) en eftir það eru hluthafar orðnir smáir. Að mati Jónasar Gauta Friðþjófsssonar, sérfræðings hjá Glitni, gefur dreift eignarhald í Sampo 15,5 prósent eignarhlut Exista miklu meira vægi. „Við erum vanir því hér heima að menn séu með allt upp í fjörutíu prósent í fjármálafyrirtækjum.“ Hann telur að Exista og Kaupþing, sem fullvíst er talið að eigi bréf í Sampo, séu komin í góða stöðu í Sampo og saman geti þetta tvíeyki gert stóra hluti.

CITIGROUP LÁNADI

Forsvarsmenn Exista hafa ekki gefið út hvort félagið muni auka við hlut sinn í Sampo. Þó er ekki talið ólíklegt að svo verði og farið verði alla leið í 20 prósent til að styrkja núverandi eignarhlut betur. Þá getur Kaupþing jafnvel aukið hlut sinn, enda er bankinn með mikla fjárfestingargetu þessa dagana. Eiginfjárlutfall Exista er hátt eða fjörutíu prósent og fjármögnun félagsins það sterk að það verður lítið mál að bæta í ef svo ber undir. Fjárhagur félagsins er stöðugri eftir að félagið ákvað að færa stærstu eignir sínar, í Sampo og Kaupþingi, með hlutdeildaraðferð og fjárfestingargetan ætti því að vera enn mikil.

Fram kom á kynningarfundum Exista á dögunum að félagið hefði byrjað að kaupa bréf í Sampo í ágúst á síðasta ári og átti um 4,3 prósent um áramót. Exista keypti 9,5 prósent af Exafin BV, dótturfélagi Tchenguiz Family Trust, fyrir 110 milljarða króna og eignaðist enn fremur 1,6 prósent með því að fara beint út á markaðinn. Líta ber á þessa atburðarás í stærra samhengi því að Robert Tchenguiz, sem fer fyrir Tchenguiz Family Trust, er náninn viðskiptafélagi Kaupþings. Exafin tilkynnti í mars í fyrra að það ætti yfir átta prósent hlut í Sampo.

Exista greiðir fyrir hlutinn með lánum, reiðufé, eigin hlutabréfum og nýjum útgefnum hlutabréfum. Samkvæmt heimildum Markaðarins úr fjármálaheimi Lundúna lánaði Citigroup, stærsti banki heims, Exista 70 milljarða króna til kaupanna. Tchenguiz Family Trust tekur tæplega fimm prósent hlut og Robert Tchenguiz sest í stjórn Exista á aðalfundi þess í mars.

„Hlutabréf í bönkum, sem og Exista, eru að verða gjaldgengur gjaldmiðill fyrir erlenda fjárfesta,“ segir Jónas Gauti og leiðir það til þess að hægt verður að fara út í miklu stærri fjárfestingar og yfirtökur en áður hefur þekkt. Hann bendir einnig á að þegar stærstu fyrirtækin verði búin að skrá hlutafé sitt í erlendri mynt, til dæmis fjármálafyrirtækin, ætti að vera orðinn enn frekari grundvöllur fyrir erlenda fjárfesta að koma inn í íslensku fyrirtækin sem hluthafar.

DIGRIR SJÓÐIR SAMPO

Sampo Group er sjöunda stærsta fjármálafyrirtæki Norðurlanda, metið á ríflega eitt þúsund milljarða króna. Félagið er stærsta váttryggingafélagið á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum og selur jafnt váttryggingar og líftryggingar í gegnum fyrirtæki sín If og Sampo Life. Iðgjöld nema 360 milljörðum á ári en til sam-anburðar voru bókfærð iðgjöld íslensku tryggingafélaganna rúmir 25 milljarðar árið 2005. Fjárfestingareignir eru 1.800 milljarðar króna. Sampo hefur um fimm milljarða evra (440 milljarða kr.) umleikis þessa stundina, sem þarf að koma í vinnu, sem féllu meðal annars til eftir að félagið hagnaðist um 250 milljarða króna við sölu á Sampo Bank til Danske Bank.

Forstjóri Sampo heitir Björn Wahlroos og hefur hann sterka sýn á það að miklar sameiningar séu fram undan á norrænum fjármálamarkaði. Björn er að mörgu leyti goðsagnakennd figúra á norrænum fjármálamarkaði, mikill áhrifamaður í finnsku viðskiptalífi og hefur góð tengsl inn í stjórnmálin sem hefur veitt honum mikil

völd. Sjálfur er hann meðal fimm stærstu eigenda Sampo, situr í stjórn Varma og hefur fengið frítt spil við stjórnun sam-stæðunnar þau fimm ár sem hann hefur verið við stjórnvölinn. Björn horfir með ákveðnum hætti til Nordea, stærsta fjármálafyrirtækis Norðurlanda og hefur lýst yfir að Sampo Group hafi áhuga á að eignast fimmtungshlut sænska ríkisins í Nordea sem verður seldur á næstu misserum. Sampo hefur þegar komið sér þægilega fyrir í hópi tíu stærstu eigenda Nordea með 1,3 prósent hlut. Sampo ætti ekki að eiga í vandræðum með að kaupa þennan hlut sem metinn er á 600 milljarða króna.

Fleiri horfa sömu augum til Nordea. Þannig mun Investor, stærsti hluthafinn í SEB, örugglega skoða það gaumgæfilega að kaupa hlutinn þegar hann verður falur.

Lýður Guðmundsson deilir sömu sýn og forstjórinn og sér fram á sameiningar á Norðurlöndum. „Við höldum að það sé hægt að nota þetta reiðufé til góðra verka í fjármálageiranum á Norðurlöndum,“ sagði hann í samtali við Fréttablaðið. „Það er okkar trú að stjórnendum félagsins takist að nýta þessa fjármuni í þá vega að það muni auka verðmæti hluthafa Sampo. Þeir hafa sjálfir sagt að þeir muni verða þátt-takendur í samþjöppun í fjármálageiranum á Norðurlöndum. Þetta gerir okkur líka að þátttakendum í þessari samrunahrinu á svæðinu í gegnum eignarhlutinn í Sampo og 23 prósent hlut í Kaupþingi,“ benti Lýður jafnframt á á kynningarfundum Exista á dögunum. Lýður sagði að stefnt væri að fundum hans og forstjóra Sampo á allra næstu dögum en orð Lýðs benda til þess að menn vilji eiga í góðu samstarfi við áhrifamikinn stjórnanda Sampo Group.

NORDEA EDA STOREBRAND?

Athyglisvert er að lesa í orð Lýðs Guðmundssonar um að reiðufé Sampo sé hægt að nýta til góðra verka. Ef menn gefa sér að Exista nái, eða hafi náð, ráðandi stöðu í Sampo og finnska fyrirtækið kaupi hlut sænska ríkisins, stærsta hluthafans, í Nordea verða hlutirnir ansi forvitnilegir. Þá væri sú staða komin upp að Exista yrði ekki bara stærsti hluthafinn í Kaupþingi, stærsta banka Íslands, og Sampo, stærsta fjármálafyrirtæki Finnlands, heldur einnig í Nordea, stærstu bankasamsteypu Norðurlanda, í gegnum Sampo. Auka mætti styrk Exista í hluthafahópi Nordea ef tvíeykið Exista/Kaupþing kaupir bréf.

Þá er einnig möguleiki að Sampo vaxi með kaupum á hinu munaðarlausu fjármálafyrirtæki, Storebrand í Noregi sem er að mestu leyti tryggingafélag eins og finnska félagið. Forsvarsmenn Sampo telja einnig að samrunatækifæri séu á norrænum tryggingamarkaði.

Staða Kaupþings er sterk í Storebrand þar sem bankinn á um níu prósent hlut en stjórnendur Exista hafa lýst hrifningu sinni á norska félaginu.

Líkur eru á að í gang fari hagræðingar og sameiningarferli sem mun hafa áhrif á fjármálageirann á Norðurlöndum, líka hérlandis. Næstu leikir eru einungis þælingar spekulanta, en ljóst að með kaupum Exista í Sampo er hafinn nýr kafla í þátttöku íslenskra fjárfesta í fjármálaheimi Norðurlanda.

STÆRSTU FJÁRMÁLA-FYRIRTÆKI NORÐURLANDA

Félag	Markaðsvirði í milljörðum
Nordea	2.817
Danske Bank	2.229
SEB	1.532
Swedbank	1.386
DNB Nor	1.382
Svenska Handelsbanken	1.329
Sampo Group	1.069
Kaupþing	729
Glitnir	369
Jyske Bank	350
Landsbankinn	349
Exista	295

Heimild: Euroland.com

Samþætting upplýsingakerfa

Próun og rekstur á XML vefþjónustum án forritunar



GENIUS



mentis

HUGBÚNAÐUR



Mentis Sigtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is



FYRSTA HJÁLP

- við kvefi!



+ OTRIVIN NEFÚÐI

Fyrir börn og fullorðna.



+ STREPSILS HÁLSTÖFLUR

4 bragðtegundir, fæst einnig sykurlaust.



+ VECTAVIR FRUNSUKREM

Verkar á öllum stigum frunsunnar.



+ VOLTAREN DOLO

Fljótvirkt verkjalyf, verkjastillandi og hitalækkandi.



Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás - Borgarnes - Stykkishólmur
Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrúkur - Blönduós - Hvammstangi - Skagatrönd - Húsavík - Kópasker
Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður - Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður

www.lyfja.is

LYFJA
- Lífið heil

Vectavir krem er áhrifaríkt lyf til meðferðar á frunsu af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar frá stingi eða æðasláttar til blöðru. Í Vectavir er virka efnið penciclovir sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsusvæðið á 2 klst fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreyfslu, kvef eða influensu eða í mikilli sól (t.d. á skiðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciclovir, famciclovir eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsan hraðar, verkir minnka og smittími styttest. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Otrivin nefúðinn og nefdroparnir innihalda xylometasólin sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðrar bólgu í ennis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 6-10 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. ertingu í slímhúð og sviðatilfinningu. Einnig ógleði og höfuðverk. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhúð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xylometasólin ættu ekki að nota Otrivin. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Strepsils töflur eru látnar renna í munni og leysast þar hægt upp. Þannig nást fram staðbundin sótthreinsandi áhrif í munni og koki. Auk þess hafa bragðefnin væg kælandi áhrif sem slá á ertingu. Venjulega er ein tafla látin leysast hægt upp í munni á 2-3 klst fresti. Lyfið þarf venjulega að nota í 3-4 daga og stundum í allt að eina viku. Einnig má leysa upp 1-2 töflur í heitu vatni og drekka sem heitan drykk. Notkun lyfsins hefur engin áhrif á önnur lyf sem notuð eru samtímis. Ofnæmi eða ofnæmislik viðbrögð geta komið fyrir en eru afar sjaldgæf. Hver pakki af Strepsils inniheldur 24 munnsogstöflur, sem eru í hentugum þynnpakkningum. Hverri pakkningu fylgja viðurkenndar leiðbeiningar á íslensku um notkun lyfsins, sem gott er að kynna sér vel. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Voltaren Dolo® (diklófenak kalíum) 12,5 mg töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpínu og tíðaprautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetylsalísýru, íbuprofén eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Lætur aldrei efast um fjárm

Landsbankinn hefur eytt minnstu af viðskiptabönkunum í fyrirtækja-kaup erlendis, aðeins um 31 milljarði króna, en samt vaxið gríðarlega hratt. Núverandi aðferðafræði, að kaupa ódýrt og byggja upp stökkpall með því að ráða inn starfsfólk, hefur gefist vel en útlit er fyrir að nú muni hægja á vextinum með þessari aðferð. **Sigurjón Þ. Árnason** segir að það komi að stórri yfirtöku Landsbankans, í samtali við **Eggert Þór Aðalsteinsson**, og skýrir hvernig brugðist var við neikvæðri umræðu um bankann í fyrra sem hefur skilað sér í innlánssprengingu í Bretlandi.

Landsbankinn er ekki sami banki og hann var þegar ríkið losaði um eignarhlut sinn fyrir rúmum fjórum árum. Vöxturinn hefur verið gríðarlegur: Hagnaður hefur farið úr 2,1 milljarði króna árið 2002 í 40,2 milljarða á síðasta ári. Heildareignir voru 278 milljarðar í lok árs 2002 en stóðu í 2.173 milljörðum í árslok og þá hefur eigið fé vaxið úr sautján milljörðum króna í 144 milljarða. Á sama tíma hefur starfsmönnum bankans fjölgað úr eitt þúsund í 2.100 og starfar bankinn nú í fimmtán löndum en var með starfsemi í tveimur fyrir fjórum árum.

Sigurjóni Þ. Árnasyni, bankastjóra Landsbankans, finnst alltaf gaman að velta upp staðreyndum út frá tölum. „Til að setja eignir Landsbankans í eitthvað samhengi þá er verðmæti allra fasteigna á Íslandi samkvæmt fasteignamati 3.400 milljarðar.“ Þessi gríðarlegi vöxtur gildir ekki einvörðungu um bankann sem hann stýrir. Sami vöxtur hefur átt sér stað annars staðar í fjármálakerfinu og nema nú sam-anlagðar tekjur bankanna tekjum ríkisins. „Um leið og verðmætin ná ákveðinni lágmarksstærð á alþjóðlegum vettvangi þá eru þau orðin risastór í íslensku samhengi. Afleiðingin er auðvitað að það verður til umræða um það hvort bankarnir ætli að skipta um mynt,“ segir hann og bætir við: „Það sem hefur gerst er að hin raunverulega stóriðja á Íslandi er auðvitað bankarnir og öll útrásarfyrirtækin. Þarna er mikið af hálauna-störfum sem hafa skapast á stuttum tíma í þjóð-félaginu.“

Sigurjón var ráðinn bankastjóri Landsbankans við hlið Halldórs J. Kristjánssonar vorið 2003, en hóf störf hjá Búnaðarbankanum árið 1995 og var ráðinn framkvæmdastjóri hjá BÍ þremur árum síðar. Hann hefur því gengið í gegnum þær miklu breytingar sem orðið hafa á fjármálamarkaði á síðustu árum og velt þeim fyrir sér.

ÚTRÁSIN AF ÍSLENDINGUM

Sigurjón segist hafa velt því fyrir sér hvaða ástæður skýri þessar miklu breytingar sem átt hafa sér stað í íslensku efnahagslífi. Ein ástæðan er sú að Íslendingar tóku þá skynsamlegu ákvörðun að ganga inn í EES árið 1993 sem lagði grunn að miklu frelsi á Íslandi og að einkavæðingu. Þá er ákveðin sérstaða í íslenska kerfinu að fólk er vant því að vinna raunverulega vinnu frá unglingsárum og taka þar til við að leysa alvöru verkefni og sýna dugnað. „Þetta er auðvitað tengt því hversu stutt er síðan Íslendingar bjuggu við raunverulega fátækt. Þessi vinnuharka gefur okkur ákveðið forskot í samfélagi velmegandi þjóða þótt líklegt sé að það forskot sé á undanhaldi eftir því sem við búum lengur við efnahagslegar allsnægtir.“

Sigurjón nefnir í þriðja lagi að metnaður í menntamálum hafi fleygt okkur langt, til dæmis sú hefð að mennta sig erlendis, afla upplýsinga, búa til tengsl og koma heim að námi loknu til að ala upp börnin og vinna hér.

Að lokum bendir Sigurjón á fjórða atriðið sem er tvíþætt. „Menn höfðu vit á því þegar var verið að losa um eignir að selja þær ekki til útlendinga. Það voru margir sem vildu selja Landsbankann í SEB og hina bankana til útlendinga.“ Annars er hætt við því að öll þau stóru verkefni sem ráðist var í á upphafsöldum útrásarinnar hefðu aldrei orðið að veruleika ef ákvarðanir um útlán til þeirra hefðu verið teknar af erlendum aðilum. „Í upphafi útrásarinnar voru íslensku bankarnir algjörlega nauðsynlegur bakhjarl fyrir íslensku fyrirtækin. Án þessa bakhjarls hefði útrásin aldrei átt sér stað í sama mæli og hún hefur gert. Nú hafa þau meiri möguleika á að afla sér fjár á alþjóðlegum mörkuðum þótt íslensku bankarnir séu enn mikilvæg stöð fyrir þá.“ Síðan nefnir hann, sem eitt atriði, að til hafi orðið fyrirmyndir í viðskiptalífinu sem hafa náð miklum árangri og hvatt aðra athafnamenn og -konur til dáða.

EVROPSKUR FJÁRFESTINGABANKI

Sigurjón segir að Landsbankinn sé alhliða banki sem veiti einstaklingum og fyrirtækjum þjónustu frá a-ö. Hins vegar sé það ekkert laun-

ungarmál að þunginn hjá Landsbankanum, rétt eins og hjá öðrum íslenskum bönkum, liggur á fyrirtækja- og fjárfestingabankasviði, enda hafi stórum hluta á einstaklingsmarkaði, eins og íbúðalánamarkaði, verið haldið frá viðskiptabönkunum þótt einhver breyting hafi orðið á síðustu árum.

Sigurjón segir að stjórnendur bankans séu að byggja upp evrópskan fyrirtækja- og fjárfestingabanka. Í því felst verðbréfa- og afleiðumiðlun, greiningar, fyrirtækjaráðgjöf, bankaþjónusta fyrir fyrirtæki sérstaklega í þeim tilfellum þegar þau eru að vaxa með kaupum, endurskipulagningu eða að fara í skuldsettar yfirtökur og síðan hangir eignastýring og sérbankaþjónusta við þetta allt saman.

Sigurjón tekur ennfremur fram að bankinn reki, til hliðar við þetta, starfsemi erlendis sem hefur svipaða eiginleika og útibúanetið á Íslandi. Í fjárfestingarbankastarfseminni er bankinn að eiga við tiltölulega fáa en stóra viðskiptavinum. En þegar kemur að einstaklingum er þessu snúið við, og viðskiptavinirnir eru margir en ekki stórir hver um sig. Það safnast þó þegar saman kemur auk þess sem fjölgun viðskiptavina eykur stöðugleika og hefur því jákvæð áhrif á láns hæfismat. Þarna nefnir Sigurjón uppbyggingu viðskiptabankastarfseminnar í Bretlandi sem hefur vaxið mjög hratt á síðustu mánuðum.

LITLU EYTT Í YFIRTÖKUR


Hann segir að útrás Landsbankans hafi miðast við að gera þá hluti sem bankinn er bestur í og fljótlega eftir að farið var af stað kom í ljós að það var tómarúm á þeim markaði sem bankinn starfar á, að bjóða upp á alhliða bankaþjónustu með áherslu á meðalstór og lítil evrópsk fyrirtæki sem eru stórfyrirtæki á íslenskan mælikvarða. „Meginreglan í Evrópu er sú að bankar sem eru að sinna fyrirtækjum af þessari stærðargráðu eru að sinna afviknum mörkuðum. Það sem við bjóðum hins vegar upp á er að hafa starfsemi og þekkingu nánast um alla Evrópu. Þetta veitir Landsbankanum ákveðið forskot í þjónustu á þessum markaði. Við metum það svo að það hafi verið glufa sem við erum að starfa í.“

Bankastjórinn segir að bankinn hafi bæði verið að byggja upp starfsemi utanlands annars vegar frá grunni og hins vegar með kaupum. „Fáir gera sér grein fyrir hversu litlu Landsbankinn hefur kostað til að stækka. Allt í allt hefur bankinn eytt aðeins um 350 milljónum evra, sem eru um þrjátíu milljarðar króna, í kaup á öðrum evrópskum fjármálafyrirtækjum. Þetta er minni fjárfesting en árshagnaður bankans á síðasta ári,“ bendir hann á og segir að þetta sé einnig mun lægri fjárhæð en það sem hinir bankarnir eyða í fjárfestingar á öðrum fjármálafyrirtækjum. Landsbankinn hefur keypt litlar einingar, einkum á Bretlandseyjum og meginlandi Evrópu, og notað þær sem stökkpall til frekari vaxtar með því að ráða inn starfsfólk og byggt upp nýjar rekstrareiningar innan þeirra frá grunni. Dótturfélag Landsbankans eru Landsbanki Luxembourg, Heritable Bank, verðbréfafyrirtækin Teather & Greenwood í Bretlandi, Kepler Equities í Evrópu og Merrion Capital á Írlandi auk smærri fyrirtækja. Til viðbótar rekur bankinn einnig útibú undir eigin nafni í Lundúnum og Amsterdam og söluskrifstofu í Kanada.

TILBÚINN Í STÆRRI YFIRTÖKUR

Samþætting yfirtekinna fyrirtækja við Landsbankann hefur gengið vel að sögn Sigurjóns þrátt fyrir að þau starfi á ólíkum menningarsvæðum. Kepler er þannig með starfsemi í sex Evrópulöndum, í Mið- og Suður-Evrópu, og einnig í Bandaríkjunum. Landsbankinn hefur jafnt og þétt verið að færa nafn sitt yfir á yfirteknu félögin. „Við erum að gera þetta hægt og bítandi þannig að við missum ekki frá okkur starfsfólk. Tölnar eru sennilega besta mælikvarðinn á það að þetta er að ganga vel hjá okkur.“

Sigurjón viðurkennir fúslega að það komi að því að Landsbankinn ráðist í stóra yfirtöku og mikill fjárhagslegur styrkur um þessar mundir



tölvur og tæki

MIÐVIKUDAGUR 14. FEBRÚAR 2007



NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Er veisla í vændum



Við bjóðum upp á góða aðstöðu fyrir hópa og samkomur í sérsölum okkar - gott umhverfi fyrir allar stóru stundirnar.

Starfsfólk okkar mun sjá til þess að þið eigið ógleymanlega veislu í vændum og hreinlega stjarna við ykkur í mat og drykk!



Hafnargata 19
Reykjanesbæ
Sími 421 4601
www.rain.is

rain@rain.is

Árshátíðir • Brúðkaup • Afmæli • Fermingar • Erfidrykkjur • Skírnarveislur • Móttökur
Útskriftarveislur • Þorraveislur • Jólahlæðborð • Jólaböll • Starfsmannaskemmtanir • Fundir • Námskeið



Að störfum Um 170 manns starfa hjá CCP í dag, þar af um 120 á Íslandi. Fyrirtækið hefur aðsetur á Grandagarði 8, en ekki er langt síðan það þurfti að færa sig úr fyrrum höfuðstöðvum sínum í miðbæ Reykjavíkur vegna plássleysis. Helgi Már er hér á myndinni ásamt nokkrum starfsmönnum CCP.



Eve Online Sem stendur er Eve Online eini leikur CCP, en þróun næsta leiks, World of Darkness, er komin í gang. Það eru þó að minnsta kosti fjögur ár í að hann komi út.

Fá aldrei nóg af fólki

Tölvuleikjafyrirtækið CCP auglýsir stöðugt eftir nýju fólki, og virðist aldrei fá nóg. Á síðasta ári var nýr starfsmaður ráðinn á rúmlega þriggja daga fresti. Stór hluti starfsfólks kemur erlendis frá, enda íslenski markaðurinn nánast þurraurinn.

Íslenska tölvuleikjafyrirtækið CCP er nánast áskrifandi að vikulegum atvinnuauklýsingum í dagblöðum landsins, en seinasta auglýsing þeirra birtist síðastliðinn sunnudag. Þar er óskað eftir starfsmönnum í fimm stöður, meðal annars við prófanir, grafíska hönnun og forritun. Vantar alltaf fólk hjá CCP?

„Já, okkur vantar nánast alltaf

nýtt fólk,“ segir Helgi Már Þórðarson starfsmannastjóri. „Miðað við mannaflaspá þurfum við að ráða um tuttugu manns á þessu ári bara á Íslandi, og annað eins í Kína og Bandaríkjunum þar sem við erum með starfsstöðvar.“

Hann segir fyrirtækið, sem á og rekur netfjölspilunarleikinn Eve Online, hafa tekið mikinn vaxtarkipp á undanfögnu ári. Í byrjun seinasta árs voru um 62 starfsmenn hjá CCP en í dag eru þeir um 170 í þremur löndum, þar af um 120 á Íslandi. Þetta jafngildir því að á árinu 2006 hafi einn starfsmaður verið ráðinn á rúmlega þriggja daga fresti.

„Við búumst við því að vera með um 220 manns í vinnu í þessum þremur löndum þegar þessu ári lýkur.“

ÍSL-ENSKT FYRIRTÆKI

Auglýsingin sem birtist í sunnudagsblaðinu er á ensku þrátt fyrir að vera birt í íslensku dagblaði. Helgi segir ástæðuna vera að nánast öll samskipti séu á ensku hjá fyrirtækinu, og því viðeigandi að hafa auglýsingar á ensku líka. „Stór hluti starfsmanna okkar kemur erlendis frá og þegar þú talar við fólk í vinnunni er alltaf að minnsta kosti einn viðmælandi sem talar ekki íslensku.“

Hann segir fyrirtækið einnig reyna að krækja í útlendinga sem starfa á Íslandi, og því sé betra að hafa auglýsingarnar á ensku.

En hvers vegna eru svona margir erlendir starfsmenn hjá CCP? „Á Íslandi er einfaldlega ekki til allt það fólk sem okkur vantar hérna. Ef þú flettir blöðun-

um sérðu að við erum alls ekki þeir einu sem eru að leita að fólki í hugbúnaðargeiranum. Við höfum þurft að sækja fólk erlendis frá til að anna eftirspurninni hjá okkur.“

VARÚLFAR OG VAMPÍRUR

Á dögunum bárust fréttir af nýjum leik sem CCP hyggst gera, sem kallast World of Darkness. Hann er afrakstur samruna CCP og bandaríska leikjafyrirtækisins White Wolf, sem varð seint á seinasta ári. Leikurinn, sem verður að minnsta kosti fjögur ár í þróun, gerist í ímyndaða heiminum World of Darkness sem White Wolf hefur skapað, og er byggður af vampírum og varúlfum.

Helgi segir að þótt þróun leiksins nýja sé að einhverju leyti hafin þá muni nýtt starfsfólk að öllum

líkindum ekki fara beint í það verkefni.

„Við teljum hagkvæmt að setja nýtt fólk í gömul verkefni og eldra fólkið í nýju verkefni. Flestir munu vinna í Eve til að byrja með til að komast inn í hlutina, en síðan fer einhver hluti nýrra starfsmanna í þróun World of Darkness,“ segir Helgi.

Hann segir að þó fjögur ár séu vissulega langur tími í tækniheiminum sé einfaldlega ekki hægt að gefa út ókláraða vöru á netleikjemarkaðnum eins og hann er í dag. „Samkeppnin er orðin mun harðari en þegar Eve kom fyrst út, og við sjáum það að nýr leikur þarf að vera algjörlega tilbúinn ef hann á að seljast. Þess vegna tókum við tíma okkar í að gera þennan leik vel.“

salvar@frettabladid.is

Ert þú leið(ur) á að skipta um perur?

DÍÓÐULJÓ SIN FRÁ OKKUR ERU:



ORKUSPARANDI
ÓBRJÓTANDI
10.000 KLST. ÁBYRGÐ
PASSA FYRIR ALLAR
GERÐIR VÖRU- OG
FLUTNINGABÍLA

et

BF VERSLUN

Klettagarðar 11, 104 Reykjavík
Sími 568 1580 • Fax 568 0844

Ljósín frá okkur geta lýst leið þína lengi lengi ...



TRUCK - LITE

Ljósasamlökurnar frá okkur eru:

ÓBRJÓTANDI
HÖGGPOLNAR
ENDAST OG ENDAST



Ert þú að ná árangri í aðstöðustjórnun ?

Aðstöðustjórnun snýst m.a. um:



Stýringu á fasteignasýslu:

- ✓ Viðhald utanhúss
- ✓ Rekstur húskerfa
- ✓ Innanhússviðhald
- ✓ Leigusamninga
- ✓ Innbússkráningu
- ✓ Verkstýring
- ✓ Samskipti við notendur



Stýringu á stoðþjónustu :

- ✓ Greining stoðþjónustu
- ✓ Samhæfing verkferla
- ✓ Þjónustusamningar
- ✓ Gæðaeftirlit
- ✓ Frávíkaskráning
- ✓ Frammistöðumælingar



Stýringu á tölvuþjónustu :

- ✓ Þjónustuborð
- ✓ Ábendingar og frávik
- ✓ Breytingastjórnun
- ✓ Skráning tölvubúnaðar
- ✓ Frammistöðumælingar

ICEconsult er leiðandi í ráðgjöf og innleiðingu á aðstöðustjórnun (fasteignastjórnun) hér á Íslandi.

Aðstöðustjórnun fjallar um stýringu á öllum þáttum sem styðja kjarnastarfssemi fyrirtækja og stofnana.

Þetta þýðir stýringu á fasteignasýslu, tölvuþjónustu, þjónustuaðilum, ræstingu, nýbyggingum o.fl.

Félagið hefur mótað skilvirka verkferla í samstarfi við öflugustu fyrirtæki og stofnanir landsins

undanfarin 10 ár. Félagið leigir og selur hugbúnað sem styður þessa verkferla.



ICEconsult
LHTækni

Gluggað inn í framtíðina í farsímamálum í Barcelona

Hin árlega ráðstefna um þriðju kynslóð í farsímataekni hófst í Barcelona á Spáni á mánudag. Ráðstefnan er einn stærsti viðburður í farsímageiranum. Þar sýna stærstu farsímafyrirtæki heimsins nýjustu tækni auk þess sem forstjórar fyrirtækjanna ræddu saman um næstu skref. Ráðstefnunni lýkur á morgun.

Hin árlega 3GSM-ráðstefna um þriðju kynslóð í farsímataekni hófst í Barcelona á Spáni á mánudag. Þetta er ein mikilvægasta ráðstefna um nýjungar og þróun í farsímataekni og fer fjöldi þátttakenda stækkandi með hverju árinu. Gert er ráð fyrir að allt að 60.000 þátttakendur sækji sýninguna í Barcelona heim í þá fjóra daga sem hún stendur yfir í ár.

Á 3GSM-ráðstefnunni kynna stærstu farsímafélög í heimi það nýjasta í þriðju kynslóð í farsímataekni. Og oftast en ekki eru það forstjórar fyrirtækjanna sem fá að stíga fram og svipta hulunni af nýjustu tækni.

Þátttakendur frá Símanum hafa

sótt ráðstefnuna síðastliðin ár og munu þeir kynna sér flesta þá þætti sem tengjast farsímalausnum í dag. Þá verður ekki síður litið til réttinda í efnismálum auk þess sem starfsmenn Símans munu kynna sér hvað hafi gengið upp jafnt tæknilega sem markaðslega og reynt að draga lærdóm af því, samkvæmt upplýsingum frá Símanum.

Olli-Pekka Kallasvuo, forstjóri finnska farsímarisans Nokia, setti ráðstefnuna fyrir fullum sal af gestum á mánudag þegar hann kynnti ýmsar nýjungar til sögunnar. Forstjóri sýndi meðal annars nýjan margmiðlunarfarsíma frá Nokia, sem styður þriðju kynslóðarstaðal í farsímataekni og getur meðal annars tekið við sjónvarpss efni af netveitum á borð við YouTube í mjög góðum gæðum. Kallasvuo sendi bandaríska hátæknifyrirtækinu Apple sneið þegar hann sagðist taka fagnandi nýja margmiðlunarsímanum iPhone, sem Apple ætlar að setja á markað síðar á þessu ári. Benti hann á að Apple væri á réttri braut með símanum enda hefði fyrirtækið fetað í fótspor Nokia, sem hefði um nokkurra ára bil fram-



Microsoft kynnrir stýrikerfi í farsímum Pieter Knook, framkvæmdastjóri farsíma- og fjarskiptadeildar Microsoft, kynnti Windows Mobile 6, nýja útgáfu af stýrikerfi fyrir farsíma á 3GSM ráðstefnunni á mánudag. Stýrikerfið gerir viðmót farsímans líkastan viðmóti í tölvum en með sínum sem hafa slíkt stýrikerfi er hægt að sækja tölvupóst, vafra um netið, nota dagbók og fleira til. MYND/AP

leitt farsíma sem gætu nýst til þess eins að hringja eða senda smáskilaboð.

Þrátt fyrir eftirvæntingu í hvert sinn sem ráðstefnan er haldin gera sérfræðingar helstu fjölmiðla ráð fyrir að hún verði með svipuðu sniði og síðastliðin ár. Verði nýjar háhraðalausnir ofarlega í hugum fólk auk þess sem

forsvarsmenn stærstu farsíma- og hátæknifyrirtækja í heimi nota tækifærið og stinga saman nefjum.

Lítið liggur í loftinu fyrir ráðstefnuna. Nokkru áður en blásið var til hennar var greint frá því að nokkur af stærstu farsímafyrirtækjum í Evrópu og Bandaríkjunum ætli að bindast höndum saman

og búa til leitarvél fyrir þriðju kynslóðar farsíma sem muni keppa við netleitarvél á borð við Google. Hvort menn hafi stungið saman nefjum um málið liggur hins vegar hvorki fyrir né hvort greint verði frá samstarfinu á ráðstefnunni. Og nú er bara að bíða og sjá hvert ráðstefnan leiðir á lokadegi á morgun.

Stóruútsala

31x10,5R15
Tilboð kr. 11.900

32x11,5R15
Tilboð kr. 13.900

33x12,5R15
Tilboð kr. 14.900

35x12,5R15
Tilboð kr. 15.900

265/75R16
Tilboð kr. 12.900

Chaparral

Pro Comp - BFG

Pro Comp 33x12,5R17
Tilboð kr. 19.990

35x12,5R17
Tilboð kr. 23.990

35x12,5R18
Tilboð kr. 28.990

BFGoodrich 285/65R18
Tilboð kr. 25.990

Mótorhjólavörur
30% afsláttur

AGV & LAZER Hjólmár
40% afsláttur

REVO
Fjórstýrt bílar á tilboði

Shadow
Tilboð kr. 29.990

TNX
Tilboð kr. 39.990

Storm CUT CE
Tilboð kr. 49.990

REVO 3.3
Tilboð kr. 59.990

PG MONSTER TRUCK
Tilboð kr. 69.990

25-40%

Gott úrval af álfelgum undir flesta bíla. 13 - 17"

-70%

Mikið úrval af 16" & 17" álfelgum á fólksbíla.

VDO **Ekki missa af þessu!**
Borgartún 36 - s: 588 9747 - www.vdo.is



Forstjóri Nokia flytur opnunarkynninguna Olli-Pekka Kallasvuo, forstjóri finnska farsímaframleiðandans Nokia, kynnti nýjan farsíma frá Nokia til sögunnar. Kallasvuo sendi bandaríska tölvuframleiðandanum Apple sneið þegar hann sagði margmiðlunarsímann iPhone frá Apple skref í rétta átt enda væri fyrirtækið að feta sig í fótspor sem Nokia hefði markað fyrir nokkrum árum. MYND/AP



Rýnt í nýjustu tækni Ráðstefnugestur virðir fyrir sér nýjustu gerð farsíma á ráðstefnunni í Barcelona á Spáni. MYND/AP

FERMINNGAR PAKKINN

ACE
SPECIAL EDITION
Zero Noise

AÐEINS

3.082 KR

Á MÁNUÐI

Örgjörvi AM2 DualCore 4200 Athlon64
2x512k flytíminni, 2000FSB + HT
Móðurborð MSI K9N NEO F - AM 2
PCI-Express 16x, 8xUSB2, SATA2
Minni 2GB DDR2 667MHz Corsair
Corsair minni með lífslíðarabýrgð
Harðdiskur 250GB WD SE 16MB - SATA II
SATA2 300, 7200RPM og 16MB buffur
Skjákort 256MB MSI Geforce7 NX7600GT
1.4GHz DDR3 - PCI-E 16X - **Viftulöst**
Skrifari 18xDVD±/8xDL skrifari
Skrifar og les DVD og CD disk
Hljóðkort 7.1 Dolby Digital DTS EAX2
Frábært hljóðkort í leiki og bíómyndir
Hátalarar 2.1 Creative SBS380 hátalarakerfi
2 öflugir hátalarar og bassabox
Netkort Gigabit 10/100/1000
Hraðvirkta gigabit netkort
Stýrikerfi Windows Vista Home Premium
Öruggara og öflugra

GLÆSILEG NÝ KYNSLÓÐ AF ACE TÖLVUM Í ÁL TURNI

AMD DUAL CORE

Ný kynslóð með tvo 64bita
örgjörva fyrir enn meiri afköst og
vinnslu í mörgum forritum í einu



SATA II - 16MB

Ný kynslóð harðdiska frá Western
Digital sem eru enn hljóðlátari
og allt að 100% hraðvirkari



WINDOWS VISTA

Tölvan er uppsett með Windows
Vista Premium ásamt öllum
upplærslum, tilbúin til notkunar



MSI ZERO NOISE

Ótrúlega öflugt skjákort sem þó er
viftulöst og þar með 100% hljóð-
löst með Zero Noise kælitekní



2.1 HLJÓÐKERFI

Creative SBS380 er glæsilegt
og kraftmikið hljóðkerfi með 2
hótlurum og öflugri bassaboxi



ÍSLENSKIR STAFIR

Mjög vandab lyklaborð frá
Logitech með ábrenndum
íslenskum stöfum fylgir tölvunni



VERÐ **109.900**

TÖLVULISTALÁN: AÐEINS KR 3.082 Á MÁNUÐI

Skjálur fylgir ekki tilbodinu

TÖLVULISTINN

Reykjavík
Akureyri
Keflavík
Egilsstaðir

Nóatúni 17
Glerárgötu 36
Hafnargötu 90
Miðvangi 2-4

☎ 414 1700
☎ 414 1730
☎ 414 1740
☎ 414 1735





EKKERT FLÝTIGJALD


ÞÚ KEMUR MEÐ TÖLVUNA TIL OKKAR OG SÆKIR HANA AFTUR INNAN 48 TÍMA ÁN ÞESS AÐ GREIÐA SÉRSTAKT FLÝTIGJALD EINS OG VÍÐA TÍÐKAST. VIÐ HÖFUM ÁRALANGA REYNSLU AF TÖLVUVIÐGERÐUM, UPPFÆRSLUM OG VÍRUSHREINSUNUM OG ÞJÓNUSTUM JAFNT EINSTAKLINGA SEM FYRIRTÆKI.

Síðumúli 35, Reykjavík, sími 534 0500
Bæjarlind 1, Kópavogi, sími 544 2350

start
TÖLVUVERSLUN

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



Hluti tölvunnar Myndin sýnir þann hluta skammtafræðitölvunnar sem síar rafmagn-ið sem berst henni og fjarlægir allan „hávaða“. Tölvan sjálf er kæld niður í mínus 273 gráður á Celcius.

MYND/D-WAVE

Skammtafræðitölva beygir tíma og rúm

Kanadískt fyrirtæki kynnti eina fyrstu skammtafræðitölvu veraldar í vikunni. Hún er gjör-ólík hefðbundnum tölvum og getur framkvæmt 64 þúsund útreikninga samtímis. Tæknin boðar slæmar fréttir fyrir dul-kóðun og tölvuöryggi.

Kanadíska tæknifyrirtækið D-Wave kynnti á dögunum nýja tölvu sem notar skammtafræði í stað hefðbundinnar eðlisfræði til útreikninga. Tæknin gæti bylt tölvubransanum með því að gera tölvum kleift að framkvæma marga útreikninga samtímis, á meðan hefðbundnar tölvur framkvæma einn í einu. Enn er þó langt í að skammtafræðilegar tölvur komist í almenna notkun, ef það gerist einhvern tímann.

HVERNIG VIRKAR SKAMMTAFRÆÐITÖLVA?

Grunneining hefðbundinnar tölvu er biti sem má líkja við ljósrofa. Hann er annaðhvort af eða á, og hefur gildið 0 eða 1 á hverjum tíma. Grunneining skammtafræðilegrar tölvu er hins vegar allt önnur, eða svokallaður skammtabiti. Skammtabitiinn, kallaður „qbit“ á ensku,

getur haft margar mismunandi stöður á sama tíma, þannig að allir skammtabitar hafa samtímis gildið 0 og 1.

Tölvan sem D-Wave kynnti í vikunni notar sextán skammtabita og getur framkvæmt um 64 þúsund útreikninga samtímis. Eins illskiljanlega og það hljómar þá má líta svo á að útreikningarnir fari fram í 64 þúsund mismunandi víddum samtímis.

Þessi eiginleiki skammtabita, að geta verið í mörgum mismunandi stöðum á sama tíma, gæti gert skammtatölvur stjarnafræðilega öflugri en hefðbundnar tölvur í dag.

Tæknin er þó ekki nægilega langt á veg komin til þess að hægt sé að líta á skammtafræðilegar tölvur sem eiginlegar tölvur. Þær geta sem stendur aðeins leyst vandamál af mjög ákveðinni tegund, en keyra ekki forrit í hefðbundnum skilningi.

ALVARLEGAR AFLEIÐINGAR

Ef þróun skammtafræðitölva heldur áfram á sama hraða og hún hefur verið á hingað til eru horfurnar ekki góðar fyrir dulkóðunarbransann. Nægilega öflug skammtatölva getur nefnilega brotið nánast hvern einasta dulkóðunarstaðal sem til er í dag.

Þegar tölvunotandi kaupir vöru á netinu eða slær inn lykilorð í heimabanka er dulkóðun notuð til þess að ekki sé hægt að hlera samskiptin. Sú dulkóðun virkar langoftast þannig að móttakandi dulkóðaðra skilaboða er látinn þátta gríðarstórar tölur, og þarf hann til þess ákveðinn lykil.

Hafi hann ekki lykilinn getur hann reynt að þátta töluna sjálfur en með hraðvirkustu tölvum nútímans tekur það hundruð ef ekki þúsundir ára. Skammtatölva væri ekki nema nokkrar mínútur eða jafnvel sekúndur að finna sömu lausn þar sem hún framkvæmir gríðarlega miklu fleiri útreikninga á sama tíma. Þó er engin ástæða til að hafa áhyggjur, enda mörg ár í að skammtatölvur verði nothæfar í slíkt.

MISSGÓÐAR VIÐTÖKUR

Kynning D-Wave á skammtafræðitölvu sinni hefur hlotið misjafnar viðtökur í vísindaheiminum. Sumir líta á hana sem enn ein fyrirheitið um byltingarkennda tækni sem verður seint að raunveruleika á meðan aðrir eru vongóðir um að nú sé ekki langt í skammtatölvur sem fyrirtæki og stofnanir geta notað til að leysa verkefni sem hingað til hafa verið óleysanleg.

salvar@frettabladid.is



Okkar kaplar ná alla ...

leið



Cat-5e og Cat-6



Hágæða netsnúruæfni frá Quabbin í Bandaríkjunum. 13 litir. Íslensk framleiðsla. Sérsmíðum eftir þögnunum.


Eina séerverslun landsins með tölvukapla
Vörulisti á netinu: www.ortaekni.is




Háttúni 10 - 105 Reykjavík
Sími: 552 6800 - Fax: 552 6809
ortaekni@ortaekni.is - www.ortaekni.is

Sjálfvirkt Uppsjávarkerfi

Skaginn býður upp á heildarlausnir fyrir uppsjávarvinnslu ásamt því að bjóða lausnir fyrir vigtun, pökkun, frystingu og brettun. Uppsjávarkerfi Skagans eru alsjálfvirk og því er bæði vinnusparnaður mikill og einnig er öll erfiðisvinna horfin. Skaginn hefur á síðustu árum meðal annars afhent uppsjávarkerfi til: Skinney-Þinganes á Hornafirði, Sílavinnslan á Neskaupstað, HB-Grandi á Vopnafirði, Saltver í Reykjanesbæ og Ísfélagið í Vestmanneyjum.




Fyrirkomulagsteikning af alsjálfvirku uppsjávarkerfi frá Skaganum



Bakkatun 26 - 300 Akranes, Iceland
Tel: +354 430 2000 - Fax: +354 430 2001
E-mail: sales@skaginn.is - www.skaginn.com

**ENGIR
VEXTIR**

**TAKMARKAÐ
MAGN**



**TREND INTERNET
SECURITY 2007**

- Öruggr virusvörn
- Öflug virusleitavél
- Betri vörn gegn spyware
- Stýring á heimaneti
- Stöðvar upplýsingaþjófnað
- Varnar þráðlausum innbrotum
- Leyfi fyrir 3 tölvur

2.990

TILBOÐ MEÐ NÝRRI TÖLVU



ACER 9411 FERÐATÖLVA Á ÓTRÚLEGU TILBOÐSVERÐI



Intel Core Duo
Core Duo er með tvo örgjörva fyrir enn meiri afköst ef unnið er í mörgum forritum í einu



17" CRYSTALBRITE
Einn besti ferðatölvu-skjærinn í dag. Ótrúleg skerpa og litadýpt ásamt 16ms hraða



128MB Go7300
Alvöru öflugt GeForce skjákort í leiki, forrit og kvikmyndir með sjálfstætt 128MB minni



VEFMYNDAVÉL
1.3MP innbyggð í skjá með 225° snúningsmöguleika VOIP tækni fyrir mynd yfir net



VISTA PREMIUM
Tölvutek eru einna fyrstir á Íslandi með VISTA í breiðri línu af Acer fartölvum



TALNABORÐ
Acer 17" fartölvan er ein af fáum fartölvum sem er með lykklaborð í fullri stærð með talnaborði

- Intel Core Duo T2050 1.66GHz örgörvi
- 1GB DDR2 533MHz vinnsluminni
- 120GB SATA 5400RPM harðdiskur
- 8xDVD +- RW DL skrifari með Slot rauf
- 17" WXGA CrystalBrite 16ms skjár
- 128MB GeForce Go7300 skjákort
- 54Mbps þráðlaust net og Gigabit netkort
- 5in1 kortalesari fyrir flest minniskort
- 1.3MP vefmyndavél innbyggð í skjá
- Windows VISTA Home Premium

1 19.900

EVIO

11.990

Engir vextir í 10 mánuði



TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

OPNUNARTÍMAR

Virka daga

10:00 - 18:30

Laugardaga

11:00 - 16:00

Þjálfarnögnun bankans aftur



SIGURJÓN Þ. ARNASON „Í upphafi útrásarinnar voru íslensku bankarnir algjörlega nauðsynlegur bakhjarl fyrir íslensku fyrirtækin. Án þessa bakhjarls hefði útrásin aldrei átt sér stað í sama mæli og hún hefur gert. Nú hafa þau meiri möguleika á að afla sér fjár á alþjóðlegum mörkuðum þótt íslensku bankarnir séu enn mikilvæg stöð fyrir þau.“

MARKAÐURINN/VALLI

kemur þá að góðum notum. Núverandi aðferðafræði bankans, að kaupa ódýrt og vaxa hratt á eigin vexti einum saman, mun héðan af ekki tvöfalda stærð bankans af jafn miklum hraða og áður. „Auðvitað kemur að því að við kaupum eitthvað stórt en enn sem komið er hefur verðmætaaukning og tekjuaukning komið að mestu innan frá. Við höfum alltaf eitthvað til skoðunar.“ Spurður um hvort tækifæri geti legið á innanlandsmarkaði segir Sigurjón að aðstæður hér- lendis séu flóknar. Komið var í veg fyrir samruna Búnaðarbanka og Landsbanka á sínum tíma. Nú eru reknir þrír bankar með útibúanet og fjárfestinga- bankaþjónustu auk sparisjóða og fjárfestingabankans Straums-Burðaráss. „Það er ekki augljóst í mínum huga að þetta kerfi sé skynsamlegt.“

MILLJARÐAR Í INNLÁN

Talið berst að Icesave-innlánaverkefninu í Bretlandi sem Sigurjón kallar tæra snilld. Frá því að verkefninu var ýtt úr vör þann 10. október hafa 54 þúsund reikn- ingar verið stofnaðir og námu innlagnir 1.650 milljón- um punda um helgina sem eru 220 milljarðar króna. Eftir áramótin hefur Landsbankinn verið að taka inn þrjá milljarða króna að meðaltali á dag.

En hvernig kom þetta verkefni til? Sigurjón segir að áður en neikvæð umræða hófst um bankana í fyrra stóðu menn í þeirri trú að aðgengi að fjármálamörk- uðum væri ekki takmarkandi þáttur í vexti bankanna sökum góðrar afkomu og ágættra lánshæfiseinkunna. Svo fór umræðan af stað, krónan veiktist allverulega og efast var um að bank- arnir næðu að endurfjár- magna sig fyrir árið 2007. „Það sem við töldum vera framtíðarlausn var ein- faldlega sú að vera ekki svona háður þessum fjár- málamörkuðum. Ein lausn er við því, og hún er sú að afla innlána. Við settumst því niður og horfðum fljót- lega á innlánsstarfsem- ina í Bretlandi, sem hafði byggst á innlánum stórra viðskiptavina, en vildum hins vegar finna framtíðarlausn. Við duttum því niður á þá hugmynd að búa til netreikning sem ber hærri innlánsvexti en gengur og gerist og auglýsir sig þannig sjálfur því það er svo dýrt að auglýsa.“

Ráðgjafar Landsbankans ráðlögðu honum að tengja verkefnið eins mikið og hægt væri við Ísland, enda eru Bretar almennt jákvæðir gagnvart Ísland og myndu sjá að á bak við Icesave stæði traustur, 120 ára gamall banki sem var metinn af alþjóðlegum fyrirtækjum. Samið var við Newcastle Building Society um að ann- ast alla þjónustu í kringum Icesave. „Það eina sem ég þarf að gera er að kíkja í lok dags hvað er kominn mikill peningur inn,“ segir Sigurjón hlæjandi, tekur upp símann og segir skömmu síðar: „Það bættust við fimmtíu milljónir punda bara á föstudaginn!“

SAGAN ENDURTAKI SIG EKKI

Sigurjón hefur ekki miklar áhyggjur af því að koma öllu þessu innlánaflóði í vinnu. Það er mikið rými fyrir innlán til að koma í stað annarrar fjármögnunar auk þess sem innlánin styðja við áframhaldandi vöxt. En Sigurjón lítur einnig á aukin innlán sem tryggingu fyrir því að atburðir síðasta árs endurtaki sig ekki, jafnvel þótt þetta kunni að hafa áhrif á arðsemi bank- ans. „Við ætlum aldrei aftur að lenda í þeirri aðstöðu að einhver efist um fjármögnun bankans. Til þess að svo geti orðið þurfti að breyta uppbyggingu fjármögn- unar og einnig að auka lausafé. Við töldum okkur hafa yfirdrifið nóg af lausafé og aldrei höfðu verið gerðar athugasemdir við þá stöðu. En þegar menn fóru að efast um það þá var einfaldlega ákveðið að bæta lausa- fjárstöðuna.“

Hann tekur fram að það hafi verið mikið lán að sú neikvæða umræða sem fór af stað um íslenska bankakerfið skuli hafa gerst árið 2006 en ekki á öðrum tíma. Aðstæður voru það góðar á alþjóðleg- um fjármálamörkuðum hvað varðaði peningaflæði í umferð að íslensku bankarnir komust á endanum áfallalaut í gegnum þessa krísu. Sótt var inn á nýja skuldabréfamarkaði og lánveitendur voru tilbúnir að lána fyrir herra álagi. „Við gerðum líka ýmsar breyt- ingar. Komum upplýsingum á framfæri, minnkuðum hlutabréfastöður og fórum í þetta innlánsverkefni.“ Ef sagan endurtæki sig ættu íslenskir bankar, að mati Sigurjóns, ekki að eiga í neinum vandræðum með að komast í gegnum þær aðstæður.

Bankastjórnin horfir spenntur fram á veginn. Landsbankinn hefur á skömmum tíma breyst í öflugt útrásarfyrirtæki sem er með helming tekna sinna erlendis. „Hinum hraða vexti hefur fylgt aukin sam- ræming í starfseminni og bankinn býður nú upp á stöðugt fleiri þjónustupætti í útibúum og starfsstöðv- um sínum. Á sama tíma er bankinn einnig í sterkri stöðu til þess að stíga næstu skref í útrásinni,“ segir Sigurjón að lokum.

HELSTU TÖLUR ÚR REKSTRI LANDSBANKANS 2002-2006					
	2006	2005	2004	2003	2002
Hagnaður eftir skatta	40,2	25	12,7	3,1	2,1
Hreinar rekstrartekjur	89,4	61	33,5	19	13,9
Heildareignir	2.173	1.405	737	448	278
Eigið fé	144	110	38	22	16
Markaðsvirði í árslok	292	279	98	44	25
Arðsemi eigin fjár	36,3%	45,8%	49,5%	17,6%	13,5%
Eiginfjárhlutfall (CAD)	14,8%	13,1%	10,4%	9,9%	10,6%
* Upphæðir í milljórdum					

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkid...

Kaup Exista á hlut í Sampo boðar spennandi tíma á fjármálamarkaði.

Ferðalag sem er rétt að byrja

Hafliði Helgason

Það er ekki ólíklegt að þegar horft verður um öxl yfir þetta ár, þá marki risakaup Exista í Sampo bank ákveðin tímamót í framvindu útrásar viðskiptalífsins á árinu. Með kaupnum hefur Exista stillt sér upp sem mögulegur lykilgerandi í þróun fjármálamarkaða á Norðurlöndum.

Sampo hefur nýlega selt frá sér bankahlutann í starfsemi sinni. Fyrir vikið situr félagið með um 450 milljarða króna í reiðufé sem hægt er að nota til góðra verka, eins og Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður Exista, benti á þegar kaupin og uppgjör félagsins voru kynnt.

Sampo er stjórnad af áhrifamesta manni í finnsku viðskiptalífi, Björn Wahlroos. Björn hefur stýrt sameiningum fyrirtækja í Finnlandi og takist gott samstarf með íslensku fjárfestunum og Finnunum má búast við að til verði samstarf sem leiði af sér miklar hræringar á norrænum fjármálamarkaði.

Stjórnendur á norrænum bankamarkaði gera sér grein fyrir því að heimurinn minnkar stöðugt og landamæri þurrkast nánast út í viðskiptum. Stærð fyrirtækja skiptir því verulegu máli, ætli menn sér að vera fullgildir þátttakendur í alþjóðavæðingunni. Þegar litið er um öxl, nokkur ár aftur í tímann, er ljóst að þau fjármálafyrirtæki sem þá störfuðu á Íslandi höfðu enga burði til að verða annað en viðföng í samþjöppun á Norðurlandamarkaði. Vöxtur bankanna gerir það kleift að vera nú með styrk til að vera gerendur í slíkri atburðarás.

Liður í slíkri þróun gæti verið enn frekari hagræðing og samþjöppun á innlendum markaði. Bankakerfið byggist í stórum dráttum á fjórum stöðum sem eru viðskiptabankarnir og sparissjóðirnir. Það ætti ekki að vera nein goðgá að fækka þessum stöðum um eina með sameiningu eða uppkaupum. Slík hagræðing skilar sér og gerir fjármálakerfið betur í stakk búið til að mæta áföllum, auk hagræðingar sem ætti að skila sér til viðskiptavina.

Hlutirnir gerast hratt í viðskiptalífinu og stjórn málin fylgja ekki alltaf eftir. Lykilatriði í komandi hræringum er að tryggja að hér verðum við raunverulegur valkostur fyrir stór alþjóðleg fyrirtæki. Það er forsenda þess að almenningur á Íslandi fái hlutdeild í því sem gerast mun á næstu misserum. Smáfyrirtæki munu ekki ein og sér standa undir framtíðarvelsæld á Íslandi, enda þótt full ástæða sé til að búa þeim einnig hagstæð skilyrði.

eggert@markadurinn.is | hafliði@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is

Góður vinnufélagi

Reykjavík: Hilti, Ísafjörður: Núpur Byggingarvöruverslun, Eskifjörður: Hamar

Vesturvör 7 • 200 Kópavogur • Sími: 534-2900

Góð uppgjör – lágar arðgreiðslur

Flest fyrirtækin í Kauphöll Íslands hafa nú birt uppgjör sín.

Afkoma flestra fyrirtækja er umfram væntingar og sýnir styrkleika fyrirtækjanna við erfiðar aðstæður á hlutabréfamarkaðnum á síðasta ári.

Það má segja að fyrirtæki hafi svarað þeirri gagnrýni sem þau fengu í fyrra með mjög góðum uppgjörum og margt hefur verið lagað í rekstrinum. Það var á svipuðum tíma fyrir ári sem úrvals-vísitalan náði hámarki. Þá birtist Fitch-skýrslan margumrædda og fleiri greiningar frá erlendum bankastofnunum. Lánshæfismatið lækkaði og fjármögnun bankanna hækkaði til muna á erlendum lánum. Mjög neikvæð umræða fór í gang.

Hlutabréf lækkuðu í verði allt fram í síðustu viku í júlímánaðar.

Þetta var ekki auðvelt tímabil sérstaklega fyrir stjórnendur fjármálafyrirtækja. Það er því ástæða til að gleðjast með þeim nú þegar mjög góð uppgjör ársins 2006 liggja fyrir. Það sem meira er, horfur í rekstri eru mjög góðar fyrir þetta ár.

Fjármögnun fjármálafyrirtækjanna er að mestu lokið fyrir árið 2007. Skuldabréfaútboðum þeirra hefur verið mjög vel tekið að undanfögnu, álag á skuldabréf hefur farið lakkandi og er nú orðið mjög viðunandi.

Erlendir hluthafar hafa sýnt fjárfestingum í hlutabréfum aukinn áhuga og skemmst er að minnast að Kaupþing sótti 55 milljarða í nýtt hlutfé til erlendra fjárfesta.

Enn eykst hlutfall erlendra

ORÐ Í BELG

Jafet S. Ólafsson

Stjórnarmaður í VBS fjárfestingarbanka hf.



tekna; hjá Landsbankanum fóru erlendar tekjur í fyrsta skipti yfir 50%, Kaupþing er eftir sem áður með um 75% af sínum tekjum af erlendri starfsemi. Um 75% af sjóðsstreymi skráðra félaga eru erlendar tekjur. Fjármálafyrirtækin eru sífellt að renna fleiri stöðum undir sinn rekstur, Glitnir keypti nýverið finnskt verðbréfafyrirtæki og ekki er langt síðan Glitnir opnaði útibú í Kína.

Það er athyglisvert með Glitni að eftir kaupin á finnska fyrirtækinu þá er Glitnir þriðja veltumesta fjármálafyrirtækið á Norðurlöndunum ef tekið er mið af veltu í Kauphöllum Norðurlandanna.

Það hefur verið mikill gangur í innlánun Landsbankans í Bretlandi, Icesave sparnaðarformið hefur gefið bankanum mikla fjármögnun og slegið í gegn. Í byrjun febrúar voru á þessum reikningum tæpir 200 milljarðar íslenskra króna og vonandi er þetta fé komið til með að standa um nokkurn tíma.

Bankarnir eru vel varðir fyrir efnahagssveiflum.

Útrásin heldur áfram; þess verður ekki langt að bíða að

Kaupþing tilkynni um frekari kaup á erlendu fjármálafyrirtæki, eitthvað verður að gera við þessa fjármuni sem fengust í hlutafjárútboðinu í nóvember sl.!

ARÐGREIÐSLUR – ÆÐI MISJAFNAR

Það er æði misjafnt hve mikið fyrirtæki greiða út í arð. Flest fyrirtæki hafa markað sér þá stefnu að greiða út 20-40% af hagnaði í arð.

Það vekur athygli að Landsbankinn greiðir ekki nema 11% af hagnaði út í arð til sinna eigenda og Kaupþing svipað. Þetta er of lágt. Ef bankinn telur sig þurfa á auknu fé að halda frá hluthöfum á hann að bjóða út nýtt hlutfé, hluthafarnir eiga þá val hvort þeir vilja vera með í aukningunni, og leggja þá góða arðgreiðslu aftur inn sem nýtt hlutfé. Þá benda sumir á að skattalega sé þetta ekki hagstætt, búið sé að greiða 10% fjármagnstekjuskatt af upphæðinni.

Hitt sjónarmiðið er að það er hluthafans að velja, fyrirtækið á ekki að ráðskast með fjármuni sem hluthafinn á nema að eðlilegu marki.

Mér hefur alltaf fundist eðlilegt að þriðjungur hagnaðar sé greiddur út, hitt bætist við eigið fé og er notað til enn frekari uppbyggingar og útrásar.

Glitnir greiðir út ágætis arð eða sem nemur 66% nafnverðs sem er tæp 25% af hagnaði. Sennilega er FL group með hæstu arðgreiðsluna eða 193% arð sem nemur 33,7% af hagnaði.

Glæsilegt FL menn, fleiri mættu taka þá sér til fyrirmyndar.



UM VÍÐA VERÖLD

Meðfædd snilligáfa?

Economist | Breska vikuritið The Economist gerir snillingsgáfuna að umfjöllunarefni í vikunni. Þar er greint frá hinum ungverska Lázló Polgar, föður Íslandsvinarins Juditar Polgar og systra hennar tveggja. Lázló hafði ákveðnar skoðanir á uppeldi og taldi snilligáfuna lærða en ekki meðfædda. Ól hann dætur sínar þrjár því upp eftir eigin kokkabókum sem skilaði þeim árangri að tvær þeirra skoruðu fram úr á skáksviðinu, ekki síst yngsta dóttirin Judit, sem er í 13. sæti á lista Alþjóðlega skáksambandsins yfir bestu skákkonur sögunnar. Vikuritið segir að sé staðreyndin sú að hægt sé að búa til snillinga eins og Lazlo gerði með dætur sínar þá sé miklum fjármunum kastað á glæ um heim allan. Telur blaðið til þær fjölmörgu hæfileikakeppnir, meðal annars í Bandaríkjunum þar sem barna með snilligáfu er leitað og þeim veitt skólavist í sérstökum skólum sem eiga að yta enn frekar undir gáfnafarið. Snillingaleit sem þessi þykir ekkert einsdæmi. Blaðið dregur fáar ályktanir af málinu en tæpir á því að sinn sé síður í hverju landi og bendir á að farsælla sé að bæta menntun almennt í viðum skilningi, ekki síst að laga til hjá tossum svo þeir heltist ekki úr lestinni.

Kanafé í enska boltanum

Forbes | Það er ekki einasta að íslenskir fjárfestar hafi keypt knattspyrnulið í ensku úrvalsdeildinni. Bandaríska tímaritið Forbes tæpir á auknum tengslum enskra úrvalsdeildarliða við bandaríska fjárfesta, ekki síst eftir að tveir bandarískir auðkýfingar keyptu Liverpool á dögunum. Nú hefur úrvalsdeildarliðið Arsenal bæst í hóp þeirra sem samið hafa við félög vestan Atlantshafs. Félagið gerði á dögunum samning við Kroenke Sports Enterprises, eiganda fótboltaliðsins Colorado Springs og St. Lois Rams, sem aftur er í eigu E. Stanley Kroenkes, sem situr í 153. sæti á lista Forbes yfir ríkustu menn í heimi. Er hugmyndin með samningnum meðal annars að efla ásýnd enskrar knattspyrnu í Bandaríkjunum. Þá er sömuleiðis horft til þess að Bandaríkjamönnum takist að ala upp leikmenn sem geti spilað með Arsenal. Arsenal hefur gert álfka samninga við Celta Vigo á Spáni og Beveren í Belgíu, sem Forbes segir vera eins konar uppeldisstöð fyrir Arsenal. Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, segir í samtali við Forbes að samningurinn við Kroenke Sports Enterprises sé síður en svo aðdragandi að yfirtöku félagsins á liðinu. Fáir vilji slíkt enda sé „nóg af Könum í ensku úrvalsdeildinni,“ að hans sögn.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Jón Skaftason, Óli Kristján Ármannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Anna Elinborg Gunnarsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **ADALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböðnum án endurgjalds.

SAMNINGATÆKNI

Gott, betra, BATNA

BATNA stendur fyrir Best Alternative to a Negotiated Agreement. Fisher & Ury, hjá Harvard Business School, settu hugtakið fram árið 1981 og það er almennt talið mikilvægasta hugtak samningatæknifræða. Þitt BATNA segir til um hvar þú stendur ef þú nærð ekki samkomulagi við samningsaðila þinn. Með öðrum orðum þá skilgreinir þitt BATNA hvaða skilyrði samningur þarf að uppfylla til þess að þú gangir að honum – og um leið skilgreinir BATNA undir hvaða kringumstæðum þú stend-

ur upp frá samningaborðinu. Skynsamur samningamaður ætti að samþykkja lokaniðurstöðu sem er betri en hans BATNA (einnig kallað reservation point) og hafna lokaniðurstöðu sem er verri en hans BATNA. Eins ein-kennilega og það hljómar þá er algengt að samningamenn falla á báðum prófunum. Margir samningamenn gera sér ekki grein fyrir því hvert þeirra BATNA er – hvaða möguleika þeir hafa ef þeir skyldu semja við aðra aðila – og fallast því á niðurstöðu sem er verri en valmöguleikarn-

ir. Aðrir ganga frá borði jafnvel þó að lokaniðurstaðan sé betri en þeirra BATNA, yfirleitt vegna þess að þeim finnst þeir vera í samkeppni við samningsaðilann og setja óraunhæf markmið. BATNA er ekki allt það sem þú vilt eða átt skilið að fá út úr samningaviðræðunum (aspiration point). BATNA segir einfaldlega til um hvaða tækifæri eru opin ef þú skyldir ekki ná samkomulagi við þann aðila sem þú ert í viðræðum við. BATNA er heldur ekki meitlað í stein. Góðir samningamenn eru vakandi og sofandi yfir sínu BATNA og reyna með öllum ráðum að bæta það. Bazerman og Neale settu fram góða reglu um samn-

ingaviðræður og BATNA: Ekki verða ástfangin/n! Reglan gengur út á það á þú mátt ekki „falla fyrir“ einni lausn, einu húsi, einu starfi, einum skilmálum eða flotta rauða bílnum með leðursætunum heldur reyna þess í stað að búa til tvo, þrjá eða fleiri möguleika í öllum samningaviðræðum. Þú átt, með öðrum orðum, að verja tíma og orku í að bæta valmöguleika þína. Tökum einfalt dæmi: Í stað þess að festa þig við eina íbúð sem þú „verður“ að eignast ættir þú að vega og meta margar mismunandi íbúðir og setja verðmiða á aðra möguleika svo sem þá að leigja. Í stað þess að hafa aðeins einn bíl í takinu ættir þú

að semja við fleiri aðila og vega og meta framgang viðræðna við einn aðila á móti öðrum. Í stað þess að semja við einn verktaka ættir þú að fá tilboð frá mörgum og fara í samninga við nokkra. Ef ég hef tilboð upp á 2 milljónir frá Gæðaverkum, verða Verkgæði að bjóða betur ef þau vilja ná samningi við mig – því tilboðið frá Gæðaverkum er mitt BATNA.

Aðalsteinn Leifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík og kennari í samningatækni.



SPÁKAUPMAÐURINN

Exista í nýja deild

Ég er búinn að vera á algjöru flugi síðustu daga eftir að Exista keypti hlutinn í Sampo. Þetta minnir mig mest á þegar maður var búinn að átta sig á að Bjöggarnir ætluðu að taka kolkrabbann. Það byrjaði ósköp rólega. Þórður í Straumi fór að kaupa í Eimskip og svo Albert sem þá var hjá LSR. Þessir strákar voru búnir að lesa í stöðuna og vissu hvað klukkan sló.

Svo fór allt af stað og nokkrum árum síðar eru allir sem stukku á lestina búnir að græða ógrynni fjár. Ég var með frá upphafi og nú er verið að stilla upp fyrir annan rússíbana.

Ég sat því og reiknaði alla helgina og spáði í spilin. Íslendingar og Finnar munu líklega í sameiningu byggja upp leiðandi stöðu á norrænum fjármálamarkaði. Ég spái því að Nordea sé hið endanlega skotmark. Sampo mun reyna að taka hlut sænska ríkisins í Nordea. Björn Wahlroos er lykilmaðurinn. Takist Lýð og Existastrákunum að sannfæra karlinn um að fram undan sé gott parti, þá eru allir vegir færir. Kaupþing fer líklega í Storebrand og selur svo tryggingahlutann þar inn í Sampo eða Exista, eftir því hvað Lýður vill gera.

Svo er spurningin hvað gerist hér heima. Menn gera sér grein fyrir því að til að ná sterkri stöðu í Nordea þá þurfa menn mikið afl. Hluthafahópar Kaupþings og Glitnis samanlagt hafa aflið sem þarf. Ég held að niðurstaðan verði sú að Kaupþing og Glitnir sameinist og sameinist síðan Nordea. Sampo, Exista, FL Group, Baugur og Mileston ásamt Gnúpi yrðu svo stórir hluthafar í stærsta banka á Norðurlöndum. Þetta er bjútifúl.

Ég bar þetta undir einn um helgina sem var fullur efasemda. Varkára týpan sem hefur náttúrlega aldrei grætt neitt. Hann fór strax að tala um samkeppnislög. Landsbankinn ætlaði á sínum tíma að taka Glitni. Ég held að menn myndu einfaldlega selja útibúanet Kaupþings á Spron og komast þannig hjá hindrun af samkeppnislögum. Bjöggarnir voru búnir að reikna þetta út svona og Landsbankinn er með meiri markaðshlutdeild í viðskiptabankastarfsemi en Kaupþing.

Þetta eða eitthvað í þessa veru mun keyra markaðinn áfram á árinu. Ef það gengur eftir er ný hraðlest að leggja af stað í íslensku viðskiptalífi og áfanga- staðurinn er fjarlægari og stærri en okkur grunar. Þeir sem stýra lestinni eru allir á besta aldri og þeir sem taka sér far þurfa ekki að éta skófir í ellinni.

Spákaupmaðurinn á horninu

Skrifstofuhúsgögn

Beyki

....á miklu betra verði !



Hnota



Hæðarstillanleg skrifborð frá kr. 31.300

Kirsuber



Hlynur



Samstæðan kr. 56.400

Dönsku Prima línunni má raða saman á ótal vegu. Niðsterk og endingargóð húsgögn á mjög góðu verði, til afhendingar strax.

Hirzlan

Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040

www.hirzlan.is

Eskimo færir út kvíarnar

Tilraunaframleiðsla á fatnaði er hafin hjá Eskimo og fyrirætlanir um markaðssetningu á heimsvísu. **Ásta Kristjánsdóttir**, stofnandi fyrirtækisins og einn stjórnenda, segir **Óla Kristjáni Ármannssyni** hvert Eskimo stefnir.

Við viljum bæta við okkur og nýta vörumerkið,“ segir Ásta Kristjánsdóttir hjá Eskimo, þar sem hún kemur sér þægilega fyrir í sófanum á 101 Bar í miðbæ Reykjavíkur og fær sér te. Ásta hefur ásamt Andreu Brabin unnið heilmikla þróunarvinnu vegna framleiðslu og sölu fatnaðar undir merkjum Eskimo. Í kjölfarið kann svo að fylgja margvísleg framleiðsla önnur, snyrtivörur, vatn og jafnvel matvara. „Við erum mjög bjartsýn á þetta og berum töluverðar væntingar til þessarar nýju framleiðslu hjá okkur.“

Ásta áréttar að ekki sé ætlunin að færa fyrirtækið sem byggst hefur upp á miklum hraða undanfarin ár yfir í nýja starfsemi heldur byggja á þeim grunni sem til er orðinn og útvíkka starfsemi. „Við förum rólega af stað í þetta og sjáum hvernig gengur.“ Ásta stofnaði Eskimo fyrir tíu árum og hóf starfsemi í litlu herbergi í Bankastræti. Nokkrum árum síðar sameinaðist Eskimo fyrirtækinu Casting sem var rekið af Andreu Brabin. Núna er Eskimo með sex skrifstofur í þremur heimsálfum. Fyrirtækið er það stærsta á sviði hæfileikaleitar fyrirsætna í Rússlandi og hefur um þessar mundir á að skipa 150 fyrirsætum sem hægt er að kalla til starfa með sáralitlum fyrirvara og senda til starfa um heim allan.

SÖLUSTARF AÐ HEFJAST

Sala á fatnaði Eskimo er ekki enn hafin, en fyrsta markaðssetning á nýrri kjólinu Eskimo er að hefjast um þessar mundir. Fyrirtækið hefur sent stúlkum sem eru á skrá hjá fyrirtækinu og eru að fara að fermast auglýsingabækling með tilboði um kjól og myndatöku. Eins segir Ásta þessa fyrstu framleiðslu og sölu mikilvæga til að átta sig á hvernig fólk taki merkinu. „Föt eru bara föt, en fólk er að kaupa merki.“

Ásta segir þægilegt að fara hér af stað með nýju línuna og hægt að nota Ísland sem nokkurs konar tilraunamarkað. Eskimo segir hún að eigi enda rætur sínar og uppruna hér á landi og að hér komi fyrirtækið til með að vera með sína aðalskrifstofu áfram. Kjólarnir sem í boði eru núna í takmörkuðu upplagi eru í tveimur litum, bláum og bleikum, úr E-fatalínu Eskimo og eru svokallaðir vafningskjólar. „Við viljum kanna hvernig þessar stúlkur taka kjólunum, en svo eru fleiri útfærslur á leiðinni líka.“

„Allt er þetta á þróunarstigi hjá okkur



og við tökum lítil skref í einu þannig að kannski borgar sig ekki að vera með stórar yfirlýsingar,“ segir Ásta hógvæ. „En annars erum við að leita að samstarfsfyrirtæki til að fara í þetta með okkur,“ bætir hún við og segir Eskimo vilja einbeita sér að því sem þar er gert vel og láta öðrum eftir þær hliðar fataframleiðslunnar sem fyrirtækið þekkir síður inn á. „Við erum þess vegna að

leita að samstarfsaðila sem er sterkur á sviði dreifingar og framleiðslu, en á því höfum við náttúrlega litla þekkingu.“ Ásta segir viðræður um þessa hluti á byrjunarstigi, en telur ekki loku fyrir það skotið að hér innanlands kunni að vera að finna fólk sem kann fyrir sér á þessum sviðum.

„Við hins vegar teljum okkur búa að nokkru forskoti fyrir að vera búin að byggja upp vörumerki sem þekkt er fyrir að tengjast tísku og lífsstíl. Svo erum við náttúrlega komnar inn á mjög stóran markað sem alþjóðlegar verslunarkeðjur eru núna að fara inn á,“ segir Ásta og vísar þar til Indlands. „Þá erum við með á okkar snærum mólél, ljósmyndara og annað starfsfólk, sem hægt er að kalla til verkefna með skömmum fyrirvara.“ Þannig segir Ásta að Eskimo leiki sér að því að búa til á stuttum tíma og með litlum kostnaði kynningarbæklinga og annað auglýsingaefni sem annars væri stórmál fyrir aðra að láta gera fyrir sig. Þá segir hún fyrirtækinu hafa gengið vel að kynna sig í gegnum tíðina og ávallt notið nokkuð mikillar athygli.

ÁHERSLA Á INDLAND OG ÍSLAND

Fyrstu skrefin til að víkka út starfsemi Eskimo voru tekin eftir að fyrirtækið fékk styrk frá Útflutningsráði til að þróa snyrtivörulínu. Þegar þau mál voru síðan skoðuð ofan í kjölinn kom í ljós að mun

ANDREA BRABIN, DR. ABDUL KALAM
INDLANDSFORSETI OG DINA KARZNOVA
Starfsemi Eskimo hefur vakið verðskuldaða athygli á Indlandi, en móðelskrifstofan er með umsvifamestu erlendu fyrirtækjum af sama meidi þar á landi.

ÁSTA KRISTJÁNSDÓTTIR Ásta, sem stofnaði Eskimo, er nú með annan fótinn á Indlandi vegna umsvífa móðelskrifstofunnar þar. Eskimo var með fyrstu erlendu móðelskrifstofunum til að koma sér fyrir í Bombay og nýtur þess nú í harðnandi samkeppni.

MARKAÐURINN/HEIDA

flóknara ferli var og dýrara að hefja slíka framleiðslu. „Við ákváðum því að byrja á að skoða fatnaðinn og ef það gengur vel að bæta þá kannski snyrtivörunum við.“ Ásta segir líka skipta máli að fyrirtækið hafi fengi til liðsinnis við sig breska fjárfestingarfélagið ESS fyrir um einu og hálfu ári. „Þeir fjárfestu í okkur sérstaklega með það í huga að tengja vörumerki Eskimo við einhvers konar vörur, fatnað, snyrtivörur eða annað, eins og til dæmis vatn eða matvöru.“

Mikill uppgangur er á Indlandi og segir Ásta Eskimo klárlega njóta þess nú að hafa verið með þeim fyrstu til að koma sér fyrir í Bombay. „Við finnum að við höfum smáforskot á þessi stóru merki sem eru að koma inn á eftir okkur og að byrja að auglýsa sig upp núna.“ Áherslan er hins vegar á Indland og Ísland fyrsta kastið. Þá segir Ásta hjálpa til að vera búin að koma sér fyrir á Indlandi þar sem landið sé þekkt fyrir fataframleiðslu. „Þeir eru með verksmiðjur og við höfum greiðan aðgang að þeim, þótt við gerum þetta að vísu í mjög takmörkuðu upplagi til að byrja með. Á Indlandi erum við hins vegar með skrifstofur og fólk sem hjálpað getur til og fylgst með að allt sé í lagi komi til þess að við förum út í stórfellda framleiðslu.“ Frekari vöxt segir Ásta svo vel mögulegan enda Eskimo með útibú í sex löndum, Indlandi, Rússlandi, Slóvakíu, Tékklandi og Brasilíu, auk Íslands. „Við erum með ágætis markaðsstöðu í Síberíu og gengur vel. Við erum staðsett þar á miklu framleiðslusvæði en það er kannski seinni tíma músík. Núna einbeitem við okkur að Indlandi og Íslandi. Möguleikarnir á frekari vexti koma svo kannski dálítið í ljós þegar við höfum fundið okkur samstarfsaðila.“ Vörumerki Eskimo segist Ásta hins vegar myndu vilja sjá fara inn á Asíumarkað, Bandaríkin og svo heima-markað á Íslandi til að byrja með. „En allt ræðst þetta svolítið af því hvað við erum heppin með samstarfsaðila.“

Ákveðin forréttindi eru að sögn Ástu að fá að fylgjast með þeim miklu breytingum sem ríða yfir á Indlandi en þar hefur hagvöxtur verið hvað örastur í heiminum síðustu árin. Þegar Eskimo setti af stað skrifstofu í Bombay fyrir um tveimur árum var stórmál að koma upp tengingum við netið, hvað þá annað. „Núna eru allir með nettengingu og borgin mjög ört að fá á sig vestrænt yfirbragð. Reyndar er svolítið sorglegt að sjá borgina breytast svona hratt og verða vestrænni með hverjum deginum þótt auðvitað sé það spennandi líka.“ Þá segir hún hafa verið afar lærdómsríkt að koma inn á þennan markað þótt það hafi að vissu leyti verið erfitt líka. „Fólk kemur til dæmis alltaf of seint á fundi, skriffinnska er meiri og svo er samningatækni til dæmis allt öðru vísi. Stundum er eins og fólk þurfi að tala mjög mikið í kringum hlutina áður en hægt er að koma nokkru í verk, meðan hér er hægt að hefjast fyrr handa.“ Eitt það fyrsta sem Ástu var sagt að læra var indverska orðið „aramse“, en það þýðir „slakaðu á“, og hafi verið ótrúlega mikilvægt. „Ef maður gerði það ekki er hætt á að maður fengi taugaáfall. Þarna fylgir maður bara straumnum því ekki þýðir að synda á móti honum. Eftir nokkra mánuði uppgötvar maður að ekki er hægt að breyta Indlandi, maður verður bara að taka þátt og vera með. Aramse, það var mikilvægt að læra það,“ segir Ásta ihugul og klárar rólega úr tebollanum.





Þegar mest á reynir...

Hünnebeck steypumót eru sterk og áreiðanleg mót frá einum fremsta framleiðanda steypumóta í heimi.

Aseta selur bæði og leigir út steypumót, undirsláttarefni og byggingarkrana.

HÜNNEBECK 
– þegar mest á reynir

ASETA

BYGGINGAVÖRUR BYGGINGATÆKNI

Tunguhálsi 19, 110 Reykjavík. Sími 533 1600
aseta@aseta.is www.aseta.is

Styttist í Íslenska þekkingardaginn

Félag viðskipta- og hagfræðinga (FVH) efnir til ráðstefnunnar og verðlaunaafhendingarinnar Íslenski þekkingardagurinn á

Nordica hóteli fimmtudaginn 22. febrúar í næstu viku. Þetta er í sjöunda sinn sem ráðstefnan er haldin. Þema hennar að þessu



FRÁ AFHENDINGU Í FYRRIA Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, afhenti Hreiðari Má Sigurðssyni, forstjóra Kaupþings, verðlaun FVH sem besti viðskiptafræðingur ársins 2005 í fyrria. MARKAÐURINN/HARI

sinni er samrunar og yfirtökur. Á ráðstefnunni verður því fyrirtæki sem þykir hafa skarað fram úr á síðasta ári veitt verðlaun fyrir vel heppnaðan samruna og yfirtökur. Þrjú fyrirtæki eru tilnefnd í þessum flokki. Þau eru Actavis, sem í tvígang hefur hlotið verðlaunin, Össur og Marel, sem hlaut verðlaunin árið 2002. Að sama skapi verður einstaklingi veitt verðlaun sem þykir hafa skarað fram úr á sviði viðskiptafræði eða hagfræði á síðasta ári. Fjöldi fyrirlesara verður á ráðstefnunni. Á meðal þeirra eru Erlendur Hjaltason, forstjóri Exista, Margrét Guðmundsdóttir, forstjóri Icepharma, Heiðar Guðjónsson, Novator, Scott Mueller, forstjóri Cass Business School, og Ralph A. Walkling, framkvæmdastjóri í Center for Corporate Governance LeBow College of Business. Ráðstefnustjóri er Bjarni Benediktsson alþingismaður. Ráðstefnan hefst klukkan 13.15 og er gert ráð fyrir að henni ljúki klukkan 17. - jab



LISA JOHNSON Lisa Johnson hefur skrifað tvær metsölubækur um kynbundna kauphegðun.

Hvers vegna kaupa konur?

Lisa Johnson, sérfræðingur í markaðsmálum og neytendahegðun frá Bandaríkjunum, veltir upp spurningum um kauphegðan kvenna á fyrirlestri Samtaka verslunar og þjónustu sem haldinn verður í Salnum í Kópavogi 20. þessa mánaðar. Lisa segir að „bleikt sé ekki málið“ og blæs þar með á staðalímyndir þær sem kunna að vera á lofti um konur. Auk þess að vera frumkvöðull í rannsóknum er Lisa Johnson framkvæmdastjóri ReachGroup, ráðgjafi og rithöfundur og hefur unnið með stórum og smáum fyrirtækjum að markaðsmálum. Eftir hana liggja meðal annars metsölubækurnar „Don't think pink“ og „Mind Your X's and Y's“. Þannig hefur Lisa bent á að ungar konur og menn séu tæknilæst nútímafólk og sú staðreynd

hafi áhrif á öll viðhorf þess til vörumerkja. Hún segir viðskiptalífið þurfa að vakna til vitundar um breytta heimsmynd og neytendahegðun sem sé að nokkru leyti afsprenge tæknivæðingar nútímans. Nútímakonan reiðir sig á MP3 spilara og netvarp af því að hún kærir sig ekkert um að þurfa að hlusta á útvarpsauglýsingar, er ein fullyrðinga Lisu Johnson um breytta neysluhegðan. Hún talar um að við sé tekin „tengda kynslóðin“, meðvitað fólk sem taki eigin ákvarðanir um neyslu en láti ekki mata sig á upplýsingum. Af þessum sökum segir Lisa Johnson ímynd vöru og þjónustu sjaldan eða aldrei hafa verið mikilvægari.

Lisa hefur á fundum sínum, sem ætlaðir eru fólk í viðskiptalífinu, lagt áherslu á að markhópur fyrir verslun og þjónustu sé ekki einhver veikgeðja og auðtrúa bleikur kvennahópur að viðbættum slatta af harðgerðum og heimtufrekum körlum. Hún segir þvert á móti að uppistaðan sé ýmiss konar kvennahópar sem annist kaup á vörum og þjónustu fyrir sig, börn, maka og foreldra auk þess sem verulegur hluti innkaupa fyrirtækja ráðist að miklu leyti af skoðun þeirra kvenna sem ráði mestu hlutafé á markaði og taki í vaxandi mæli þátt í stjórnun þeirra.

Samtök verslunar og þjónustu benda á að rannsóknir sýni að konur ráðstafi um 80% af tekjum heimilanna og líta fyrirlesturinn sem tækifæri til að vekja viðskiptalífið til vitundar um þá staðreynd og fleiri. Áhugasamir geta fundið nánari upplýsingar um fyrirlestur Lisu Johnson á vefnum, www.svth.is. - óka



MARKAÐSFRÆÐINGURINN Lisa Johnson, sem væntanleg er hingað til lands til fyrirlestrarhalds, gefur ekki mikið fyrir staðlaðar hugmyndir um kauphegðun kvenna og áhrifamátt.

AÐALFUNDUR GLITNIS BANKA HF.

Aðalfundur Glitnis banka hf. árið 2007 verður haldinn á Nordica Hótel þriðjudaginn 20. febrúar 2007 og hefst kl. 14.00.

Dagskrá:

- Aðalfundarstörf í samræmi við 10. grein samþykktu bankans.
- Tillaga um heimild til stjórnar til kaupa á hlutabréfum í Glitni banka hf.
- Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu Glitnis banka hf.
- Tillaga um framlag í Menningarsjóð.
- Önnur mál, löglega upp borin.

Atkvæðaseðlar og aðgöngumiðar að fundinum verða afhentir hluthöfum eða umboðsmönnum þeirra á fundarstað frá kl. 13.00–14.00 á fundardegi.

Dagskrá fundarins, tillögur og ársreikningar félagsins fyrir árið 2006 verða hluthöfum til sýnis á Kirkjusandi 2, 5. hæð, frá og með mánuðeginum 12. febrúar 2007. Þessi gögn verða einnig aðgengileg á www.glitnir.is.

Framboðsfrestur til stjórnar rennur út fimmtudaginn 15. febrúar nk., kl. 14.00. Framboðum skal skila til forstjóra, Kirkjusandi.

Hluthafar eru vinsamlegast beðnir að vitja aðgöngumiða og atkvæðaseðla sinna milli kl. 13.00 og 14.00 á fundarstað. Afhendingu aðgöngumiða og atkvæðaseðla verður hætt kl. 14.00.

7. febrúar 2007, stjórn Glitnis banka hf.

*Samkvæmt 2. mgr. 63. gr. a. í lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, með síðari breytingum skal í tilkynningu um framboð til stjórnar gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu. Form sem frambjóðendur geta haft til hliðsjónar vegna þessarar upplýsingagjafar liggur frammi hjá ritara forstjóra.

GLITNIR

allt tíska

Alla fimmtudaga

Umhverfisstjórnun fær ISO-vottun hjá Actavis

Actavis á Íslandi hefur fengið afhent viðurkenningarskjal til staðfestingar á ISO 14001 vottun umhverfisstjórnunarkerfis fyrirtækisins. Jón Gunnar Jónsson, framkvæmdastjóri Actavis á Íslandi, segir fyrirtækið hafa einsett sér að vera í fararbroddi í umhverfis- og öryggismálum.

Skjalið var afhent með viðhöfn í síðustu viku, en umhverfisstjórnunarkerfið hefur þegar verið innleitt eftir eins árs innleiðingarferli. Actavis er áttunda fyrirtækið hér sem fær ISO 14001 vottun. Ráðgjafar fyrirtækið SGS (Société Générale de Surveillance) United Kingdom Ltd. gerði úttekt á umhverfisstjórnunarkerfinu.

„ISO 14001 er alþjóðlegur staðall þar sem tilgreindar eru kröfur sem gera eiga fyrirtækjum kleift að þróa og innleiða stefnu og markmið í umhverfismálum með hliðsjón af umhverfisþáttum, lagalegum kröfum svo og öðrum þeim kröfum sem við kunna að eiga. Þegar fyrirtækin hafa uppfyllt öll skilyrði staðalsins er hægt að öðlast vottun óháðs aðila á umhverfisstjórnunarkerfinu í samræmi við kröfur ISO 14001,“ segir í tilkynningu.

Í tilefni áfangans hjá Actavis



FRÁ ISO 14001 VOTTUNINNI Leó Sigurðsson, deildarstjóri öryggis- og umhverfiseftirlits Actavis á Íslandi, Jón Gunnar Jónsson, framkvæmdastjóri Actavis á Íslandi, Róbert Wessman forstjóri, Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði, Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra og Hákon Jóhannesson, fulltrúi SGS á Íslandi.

MARKAÐURINN/GVA

var Siv Friðleifsdóttur heilbrigðisráðherra og Lúðvík Geirssyni, bæjarstjóra í Hafnarfirði, boðið í formlega heimsókn til Actavis og þeim kynnt starfsemi fyrirtækisins. Í lok heimsóknarinnar var svo viðurkenningarskjalið afhent.

„Við erum afar stolt af því að vera fyrirtæki sem kemur fram á ábyrgan hátt gagnvart umhverfinu,“ er haft eftir Jóni Gunnari. „Við teljum að ávinningur umhverfisstjórnunar sé mikill og muni koma fram í aukinni hagkvæmni, betri stjórn á umhverfisþáttum og áhættu í rekstri samfara jákvæðari ímynd og meiri samkeppnishæfni.“ - óká

SÖGUHORNID

Fyrsta Tarsan-myndin í bíó

Fyrsta kvikmyndin um ævintýri hvíta frumskógarkonungsins Tarsans var frumsýnd á þessum degi árið 1918. Leikstjóri myndarinnar var Bandaríkjamadurinn Scott Sidney en með aðalhlutverk Tarsans fór Elmo nokkur Lincoln.

Þessi fyrsta kvikmynd um ævintýri konungs frumskógarins var byggð á fyrstu bókinni um Tarsan eftir bandaríska rithöfundinn, Edgar Rice Burroughs, sem kom út árið 1913. Myndin þykir fylgja bókinni einkar vel, en þar er greint frá því þegar foreldrar hans, Greystoke lávarður og frú, eru skilin eftir á afrískri strönd eftir uppreisn um borð í skipi þeirra, andlátí þeirra og bernsku Tarsans fyrstu árin í faðmi apynjunnar Kölu sem tók hann að sér.

Burroughs er þekktastur fyrir ævintýrabækur sínar um frumskógarmanninn. Því fer hins vegar fjarri að þetta hafi verið einu bækur rithöfundarins því hann á það sameiginlegt með norska ofurriðhöfundinum Margit Sandemo að hafa haft nokkra bókaflokka í smíðum á sama tíma. Samtals komu út 24 bækur um ævintýri aðalsmannsins í frumskógum Afríku, tólf eftir Burroughs sjálfan en afgangurinn eftir óþekktar höfundarheitis hans allt fram til ársins 1964. Auk þeirra skrifaði hann eina til viðbótar ætlaða börnum. Sú fjallaði um Tarsan og tvíburasyni hans. Þessu til viðbótar skrifaði Burroughs þrettán bækur um baráttu manna og Marsbúa auk sagnfræðilegra skáldsagna, svo eitt hvað sé nefnt.

En aftur að fyrstu kvikmyndinni um Tarsan. Leikstjóri myndarinnar var Scott Sidney. Sidney þessi hóf feril sinn á leikarasiðinu árið 1913 en færði sig fljótlega aftur fyrir linsuna og hóf að leikstýra eigin kvikmyndum. Elmo Lincoln, sem fór með hlutverk Tarsans, varð þekktur um hinn vestræna heim fyrir myndarlegan brjóstkassa sem hann þandi í svarthvítum skóginum.



TARSAN OG JANE Þótt hér geti að líta sundkappann Johnny Weissmuller í hlutverki Tarsans þá var hann annar leikarinn til að taka við hlutverkinu. Fyrsta kvikmyndin um Tarsan var frumsýnd árið 1918.

MARKAÐURINN/AFP

Það er hins vegar langt því frá að frumskógaröskur hans hafi borist víða, því myndin var að sjálfsögðu þögnul líkt og allar kvikmyndir þess tíma.

Hvort tilviljun ráði hér ferðinni eður ei þá fæddist Elmo í þessum mánuði, nánar tiltekið hinn 6. febrúar árið 1889. Leikferilinn hóf hann sama ár og leikstjóri Tarsanmyndarinnar, eða árið 1913. Á meðal þekktustu mynda hans eru stórmyndirnar Birth of a Nation eftir D. W. Griffith, sem olli vatnaskilum í bandarískri kvikmyndagerð, og Intolerance, sem var næsta mynd meistararans og sýnd ári síðar.

Elmo lék alls í fjórum öðrum myndum um frumskógarkonunginn. Hann var í aðalhlutverkinu hins vegar í aðeins þremur fyrstu myndunum en vék eftir það fyrir ekki ómerkari manni en sundkappanum og Ólympíuverðlaunahafanum Johnny Weissmuller, sem þekktastur er fyrir hlutverk sitt sem Tarsan. Hann lék ýmis aukahlutverk í nýrri myndum um kappann, síðast í myndinni Tarzan's Magic Fountain, sem sýnd var árið 1946. Svo lítil voru hlutverkin á tíðum að vart þótti taka því að tilgreina Elmo sérstaklega á meðal leikara. Hann lést í Los Angeles í júnímánuði árið 1952, einungis 63 ára að aldri.

Roots of Competitiveness



Ráðstefna á Nordica hóteli 16. febrúar 2007

Samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja í alþjóðlegum viðskiptum verður í kastljósinu á ráðstefnunni sem haldin verður föstudaginn 16. febrúar. Leitað verður svara við brennandi spurningum, m.a. hvað ráði mestu um samkeppnishæfnina, hvaða máli skipti að fyrirtæki séu íslensk, hvað þurfi að gera til að efla samkeppnishæfni Íslands og hverjir eigi að taka þátt í því verkefni.

Stjórnendur frá Landsbanka Íslands, Actavis, Össuri og Exista fjalla um samkeppnishæfni út frá reynslu fyrirtækjanna. Síðan mun dr. Christian Ketels frá stofnun Michaels E. Porters við Harvard Business School fjalla um lykilþætti í samkeppnishæfni fyrirtækja í alþjóðlegum viðskiptum með hliðsjón af fyrirlestrum stjórnendanna. Í fjórum samhliða vinnustofum verður svo kafað dýpra í reynslu fyrirtækjanna fjögurra í ljósi framlagsins frá Christian Ketels.

Ráðstefnan fer fram á ensku en vinnustofurnar á íslensku. Skráning og nánari upplýsingar eru á www.mbahi.is og www.mba.is. Þátttökugjald er 19.500 kr. Innifalið er hádegisverður á Nordica hóteli, kaffi og ráðstefnugögn.

Dagskrá

Kl. 9.00	Setning Ávarp Kristínar Ingólfssdóttur , rektors Háskóla Íslands
Kl. 9.15	The Lessons from Landsbanki Íslands Sigurjón P. Árnason bankastjóri
Kl. 9.45	The Lessons from Actavis Jónas Tryggvason framkvæmdastjóri
Kl. 10.15	The Lessons from Össur Hilmar Bragi Janusson framkvæmdastjóri
Kl. 10.45	Kaffihlé
Kl. 11.00	The Lessons from Exista Erlendur Hjaltason forstjóri
Kl. 11.30	The Roots of Competitiveness Dr. Christian Ketels , Head of research team, Harvard Business School
Kl. 12.30	Hádegisverður á Nordica hóteli
Kl. 13.30	Vinnustofur Fjórar vinnustofur verða haldnar samhliða þar sem fulltrúar frá Landsbanka Íslands, Actavis, Össuri og Exista leggja út af reynslu fyrirtækjanna og erindum stjórnendanna. Viðskiptafræðingar MBA frá Háskóla Íslands leiða umræður og draga þær saman í lokin.
Kl. 15.00	Kaffihlé
Kl. 15.20	Samantekt og ráðstefnuslit
Kl. 16.00	Léttar veitingar í boði iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis

Ráðstefnan er haldin af Félagi viðskiptafræðinga MBA frá HÍ og MBA-náminu við Háskóla Íslands. Ráðstefnustjórar eru dr. Runólfur Smári Steinþórsson, prófessor og forstöðumaður MBA-námsins, og Hákon Gunnarsson, ráðgjafi hjá Capacent. Framkvæmdastjóri ráðstefnunnar er Rósbjörg Jónsdóttir, viðskiptafræðingur MBA og markaðsstjóri Hótel Holts.

MBA-HÍ



Ef krónan væri bíll

Ef íslenska krónan væri bíll þá væri hún Austin Mini. Við Íslendingar höfum verið nokkuð ánægð með litla bílinn okkar. Hann hefur gert okkur kleift að skáskjóta okkur í gegnum traffíkina á aðreininni og komast út á hraðbrautina. Á undanförnum árum höfum við brunað hratt fram hjá öðrum þjóðum sem hafa setið fastar í umferðinni og gefið lítið fyrir þau aðvörunarmerki sem Seðlabankinn og aðrir hafa sett upp. Á síðasta ári lentum við hins vegar í árekstri og eins og oft vill verða með litla fólksbíla þá varð tjónið töluvert. Sú umræða hefur því farið vaxandi að rétt sé að skipta krónubílnum út fyrir annan stærri og öruggari. Flestum hefur verið starsýnt á evruna. Skoðanir virðast hins vegar skiptar um hvers konar bíll evran sé.

Sumir virðast telja að evrubíllinn sé Land Cruiser sem hæfi betur íslenskri þjóð í útrás. Hann sé rúmbetri, láti betur að stjórn og geri okkur kleift að halda fyrri hraða en á öruggari hátt. Í mínum huga er hins vegar ljóst að ef að evran væri bíll þá væri hún strætó. Með upptöku evrunnar værum við að leggja litla fólksbílnum, ganga um borð í strætó og láta aðra um aksturinn. Það liggur fyrir að þessum valkosti fylgja ýmsir kostir, m.a. lægri rekstrarkostnaður og minni hættu á árekstrum. Á sama tíma er ljóst að strætóbílstjórinn þarf að haga akstrinum eftir óskum allra farþeganna. Við þurfum því að setta okkur við að leið strætósins liggur stundum fjarri



ÞORVARÐUR TJÖRVI ÓLAFSSON, HAGFRÆÐINGUR HJÁ SEÐLABANKA ÍSLANDS Skoðanir, sem koma fram í greininni, eru höfundar og þurfa ekki að endurspegla skoðanir Seðlabanka Íslands.

okkar heimahögum og ef til vill gætum við orðið lengur að komast á okkar áfangastað. Það er þó ekki víst m.a. vegna þess að eftir því sem fleiri þjóðir velja að leggja bifreiðum sínum og ganga um borð í strætóinn þeim mun greiðfærari verða göturnar.

Sumir virðast halda að við Íslendingar getum svindlað okkur um borð í strætóinn en menn ættu að vita að án aðgöngumiða er líklegt að fyrir eða síðar þyrftum við að ganga niðurlægðir frá borði og við tæki hægfara fótgangandi leit

Aðdáendur Smith flykkjast á netið

Það er af sem áður var þegar aðdáendur stórstjarna fylktu liði að heimili nýlátinna stjarna til að votta samúð sína. Aðdáendur fyrirsætunnar og Playboy-kanínunnar Önnu Nicole Smith, sem lést í síðustu viku á sínu fertugasta aldursári, hafa hins vegar brugðist öðruvísi við, en þeir hafa í mun meiri mæli nýtt sér netið til hins ýtrasta, búið til vefdagbækur, blogg og aðrar vefsíður þar sem þeir tjá hug sinn til fyrirsætunnar, sem lést nú fyrir skömmu. Þá hefur fjöldi aðdáendasíðna um fyrirsætuna sprottið upp í netheiminum.

En vefdagbækurnar eru ekki einu staðirnir þar sem aðdáendur Önnu tjá hug sinn því myndskrár af fyrirsætunni og brot úr sjónvarpsþáttaröð hennar, The Anne Nicole Show og finna má á netveitum á borð við YouTube, hafa notið gríðarlegra vinsælda eftir að hún hvarf yfir móðuna miklu. Sjónvarpþættirnir voru sýndir á bandarísku sjónvarpsstöðinni E! á árabílinu 2002 til 2004 en voru að þeim tíma loknum teknir af dagskrá vegna dræms áhorfs og fremur lélegra dóma.

Enn liggur ekkert fyrir um dánarorsök Önnu Nicole Smith og var greint frá því um síðustu helgi að jafnvel gætu liðið nokkrar vikur þar til niðurstaða fæst í málinu. Fyrir liggur hins vegar að engin eiturfylf hafi fundist í líkama hennar, sem geti útskýrt fráfall hennar, að sögn bandaríska fjölmiðla. - jaf

ANNA NICOLE SMITH Aðdáendur Playboy-kanínunnar Önnu Nicole Smith hafa nýtt sér netið til að votta samúð sína.



www.volvo.is



VOLVO S40 VOLVO V50 VOLVO S60 VOLVO V70 VOLVO C70 VOLVO S80 VOLVO XC70 VOLVO XC90

VELDU VOLVO S40. FALLEG STÆRÐFRÆÐI.

Volvo S40 er hátækni. Gott dæmi um fallega stærðfræði og verkfræðilega snilld. Fullur af orku. Búinn fádæma aksturs-eiginleikum. Þú finnur ekki fyrir hreyfingu Volvo S40 á jöfnum hraða. Aðeins fyrir veginum. Afstætt lögmál. Þú sérð umhverfið líða framhjá; hefur kannski á tilfinningunni að bíllinn sé kyrr og jörðin á hreyfingu. Draumabíll.

Reynsluaktu draumabíl bílalaðamanns Morgunblaðsins: „Volvo hefur nefnilega tekist það sem margir hafa áður reynt og flestir án árangurs; að smíða gæðabíl án þess að slá nokkuð af kröfunum en um leið að stilla verðinu í hóf.“ Komdu í Brimborg. Skoðaðu fallegt dæmi um áratuga umhyggju Volvo fyrir öryggi fjölskyldunnar. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo.

Verkfræðileg snilld einkennir Volvo S40

Berðu saman verð og gæði. Berðu saman staðalbúnað Volvo S40 við staðalbúnað í öðrum lúxusbílum. Þú finnur WHIPS bakhnykksvörn, SIPS hliðarárekstrarvarnarkerfi og spólvörn með stöðugleikastýringu í Volvo S40. Einnig ABS hemlakerfi með EBD hemlajöfnun, 4 loftpúða auk hliðarloft-púða, tölvustýrða loftkælingu með hitastýringu, hágæða hljómflytningstæki með 8 hátölurum, rafdrifnar rúður, upp-hituð sæti, 16" álfelgur og margt fleira. Sjó hátæknivélar standa þér til boða. Bensin eða dísil. Komdu í Brimborg.

EuroNCAP öryggisstofnunin verðlaunaði Volvo S40 með bestu einkunn (5 stjörnur), sama gerði US NCAP. Breska bílblaðið Auto Express mat Volvo S40 sem besta bílinn í sínum flokki lúxusbíla; betri en BMW 3 series og Jaguar X-type. Volvo S40 er besti kosturinn að mati bandaríska vegaöryggiseftirlitsins (IIHS) og sænska tryggingafélagið Folksam verðlaunaði Volvo S40 fyrir að vera með bestu háls- og bakhnykksvörnina. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo!

Komdu í Brimborg. Spurðu söluráðgjafa Volvo á Íslandi um verð og gæði. Við gerum þér gott tilboð um staðgreiðsluverð fyrir gamla bílinn.



Finndu fegurðina sem býr í gæðum einfaldleikans. Skoðaðu nýtt stjórnborðið sem ekki átti að vera hægt að framleiða.

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.volvo.is

Volvo S40 bensin. Verð frá 2.695.000 kr.*
Volvo S40 dísil. Verð frá 2.895.000 kr.*

* Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara, að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



Kvikmyndakeppni á MySpace-síðunni

Netveitan MySpace hefur efnt til stuttmyndasamkeppni á netinu í samstarfi við bresku sjónvarpsstöðina Film4. Netverjar geta tekið þátt í keppninni, sem heitir MyMovie MashUp, með því að setja stuttmyndir sínar inn á vefsvæði MySpace. Verðlaunin eru ekki af verri endanum en sá sem ber sigur úr býtum fær að launum að leikstýra kvikmynd í fullri lengd sem verður sýnd bæði í kvikmyndahúsum, á vefsvæði MySpace og á sjónvarpsrás Film4.

Gallinn á gjöf Njarðar er hins vegar sá að einungis breskir notendur MySpace geta tekið þátt í keppninni.



MYSPACE Sá sem vinnur í stuttmyndasamkeppni MySpace fær að leikstýra kvikmynd í fullri lengd.

MARKAÐURINN/AFP

Að því er breska ríkissútvarpið hermir munu bæði notendur MySpace-síðunnar og ýmsir sérfræðingar í kvikmyndalist-

inni, þar á meðal leikstjórnarnir Anthony Minghella og Kevin McDonald, velja bestu stuttmyndina.

Stefnt er að því að hefja tölur á kvikmynd í fullri lengd síðar á þessu ári sem sýnd verður sumarið 2008. Gert er ráð fyrir að kvikmyndin muni kosta um 130 milljónir íslenskra króna.

Notendur vefsvæðisins verða virkjaðir ferlið á enda því þeir geta bæði lagt inn hugmyndir að handriti, sótt um að leika í myndinni og komið með ýmsar aðrar ábendingar. Ekkert liggur fyrir um flokkun og efni myndarinnar en það skýrist þegar á líður.

- jaf

Tveggja ára leik loksins lokið

Maður nokkur í Bretlandi vann sér inn jafnvirði 13,2 milljóna íslenskra króna, þegar hann bar sigur úr býtum í leik í byrjun mánaðar sem á sér stað jafnt í raunheimi sem á netinu. Leikurinn, sem heitir Perplex City og hefur staðið yfir í tvö ár.

Leikurinn er einn af nokkrum svipuðum leikjum sem eiga rætur að rekja til auglýsingabrellu fyrir kvikmyndina AI, sem Steven Spielberg gerði fyrir nokkrum árum.

Þátttakendur í Perplex City, sem undir lokin voru 50.000 talsins í 92 löndum, áttu að finna kubb, sem rænt var af sýningu í hinni ímynduðu borg Perplex og grafinn á ókunnum stað. Þeir fengu vísbendingar um staðsetningu-



una jafnt á netinu, í dagblöðum, með smáskilaboðum í farsímum og eftir öðrum leiðum. Þá var hægt að kaupa spil með vísbendingum í sérhæfðum verslunum og á netsíðum tengdum leiknum. Dæmi eru um að spil með verðmætum upplýsingum um staðsetningu kubbsins hafi farið á tæpar 30.000 krónur á uppboðs-síðum á netinu.

Vísbendingarnar munu hafa leitt sigurvegarann að skógarjaðri í Northamptonskíri í Bretlandi þar sem kubburinn lá grafinn í jörð.

Að sögn forsvarsmanna Perplex City mun nýr leikur hefjast síðar á þessu ári.

- jaf

VIÐ TÖLVUNA Leik, sem blandar saman netheimi og raunheimi og hefur staðið yfir í tvö ár, lauk í upphafi mánaðar.

Ný tækifæri í íslenskri þjónustu

Morgunverðarfundur á Hótel Nordica
fimmtudaginn 15. febrúar kl. 8:30 – 10:00

DAGSKRÁ

8:15 Innskráning

8:30 Setning

Sigurður Jónsson, framkvæmdastjóri SVP

8:40

Útvistunarstefna ríkisins – ríkið sem upplýstur kaupandi þjónustu

Stefán Jón Friðriksson, viðskiptafræðingur í fjármálaráðuneytinu

9:10

Ónýtir möguleikar íslenskra þjónustufyrirtækja

Sigfús Jónsson, framkvæmdastjóri Nýsis

9:40 Umræður

Fundarstjóri: Sigurður Jónsson

Aðgangseyrir: 2.500 kr.

Skráning á svth@svth.is eða í síma 511 3000



Sigurður Jónsson



Stefán Jón Friðriksson



Sigfús Jónsson



Samtök verslunar og þjónustu

LEIÐ TIL VOLVO

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ



Volvo. For life.

Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú litir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!

SÉRPANTANIR VOLVO

Kynntu þér Sérpantanþjónustu Volvo hjá Brimborg. Gerðu hagstæðari kaup og sérhannaðu þinn eigin Volvo.



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík:
Bildshöfða 6, sími 515 7000
Brimborg Akureyri:
Tryggvabraut 5, sími 462 2700
www.volvo.is



FREDRIK BERGSTRÖM, hagfræðingur og framkvæmdastjóri samtaka verslunarinnar í Svíþjóð

Velferð og kerfi

Sænska velferðarkerfið er mörgum fyrirmynd. Fredrik Bergström, doktor í hagfræði og framkvæmdastjóri Samtaka verslunarinnar í Svíþjóð, hefur efasemdir um módelið. *Haflíði Helgason* hlustaði á hann.

Fredrik Bergström er efasemdarmaður um að velferðarkerfi Svía skili þeim nægjanlegri velferði þegar til lengri tíma er litið. „Spurningin er hvort sænska velferðarkerfið fái staðist til lengdar,“ segir hann.

Niðurstaða hans er að svo sé ekki og takmarkandi þættir kerfisins á hagvöxt leiði á endanum til þess að lág- og meðaltekjufólk beri minna úr bótum á endanum.

Bergström bendir á að hagvöxtur í Svíþjóð síðustu tíu til fimmtán árin eigi rætur í agaðri hagstjórn og öflugri peningstjórn með verðbólguþröskulmið, innngöngu í ESB og að regluverk hafi verið einfaldað. „Þegar við horfum yfir lengra tímabil er myndin önnur, Svíþjóð hefur dregist aftur úr og á endanum mun sú þróun leiða til þess að lífskjör almennings versna samanborið við aðrar þjóðir. Svíþjóð er ekki lengur meðal ríkustu landa heims.“

Bergström hefur skoðað Svíþjóð og Bandaríkin og niðurstaða hans er sú að hagvöxtur í Bandaríkjunum umfram sænska hagvöxtinn hefur leitt til þess að fleiri hafa lyfst upp frá fátækra-

og skortsmörkum í Bandaríkjunum. „Svíþjóð kemur ekki vel út úr þessum samanburði, jafnvel miðað við fátækari ríki Bandaríkjanna. Nærtækast er að bera Svíþjóð saman við Minnesota sem er með ríkari fylkjum, en þangað fluttu margir Svíar á sínum tíma.

Svíar með tvöföldu vaffi hafa það mun betra en Svíar með vaffi.“ Hann segir skorta verulega á að í Svíþjóð njóti menn ávaxta af að fara í eigin rekstur og þá verði slíkt ekki áhættunar virði.

Bergström segir að ef haldi fram sem horfir muni Svíar dragast aftur úr. „Við munum horfa fram á atgervisflóttu. Þeir klárustu og duglegustu njóta þess í of litlum mæli og hætta er á að þeir flytjist annað. Fyrirtækin munu einnig leita annað.“ Hann segir einu leiðina til að viðhalda hagvexti og lífskjörum vera að lækka ríkisútgjöld og skatta og einkavæða ríkisfyrirtæki. „Sveitarfélög þurfa einnig að hleypa einkaaðilum að í ríkari mæli. Síðan verður að fækka reglugerðum sem hindra fólk og fyrirtæki í að vaxa og dafna.“

MÁLIÐ ER
Sænska velferðarkerfið



Hólmfríður Helga Sigurðardóttir



MURIEL CLAUDE DANIELE LÉGLISE

Selur Íslendingum sælkerafæði

Muriel Léglise bjó í Lúxemborg um síðustu aldamót og starfaði hjá Evrópuráðinu. Þar deildi hún íbúð með tveimur íslenskum stelpum og varð þeim vel til vina. Þessar vinkonur hennar voru hvatinn að því að hún heim-sótti Ísland. Að eigin sögn fékk hún svo góða tilfinningu fyrir landinu að hún var flutt hing-að með allt sitt hafurtask innan við ári síðar.

Innan skamms kynntist hún eiginmanni sínum, Sigurði Grétari Halldórssyni, framkvæmdastjóra Netvistunar, og hóf fljótlega nám í viðskiptafræði við Háskóla Íslands. Hún gerði hlé á námi sínu þegar hún fékk þær fréttir að hún væri ófrísk að tvíburum. Eignaðist hún tvo heilbrigða drengi og bætti svo um betur nokkru síðar og bætti stelpu í hópinn. Í síðustu viku útskrifaðist hún með diplómagráðu í alþjóðaviðskiptum við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands.

Belgía

Mannfjöldi: 10.500.000
Hagvöxtur: 2,7 prósent
Verðbólga: 1,9 prósent
Atvinnuleysi: 8,3 prósent
Gjaldmiðill: 1 evra = 88,50 krónur

Heimild: Heimasiða Hagstofu Evrópusambandsins

fyrirtækjum upp á kynningu undir nafninu „Vín og súkkulaði“. Hún segir marga Íslendinga ekki gera sér grein fyrir því að súkkulaði og vín fari afbragðs vel saman, sé það rétt saman sett.

Auk þess að leiða Íslendinga í allan sannleika um belgískan sælkeramat er Muriel formaður Félags frönskumælandi á Íslandi. Það er sífellt stækkandi hópur fólks sem hittist mánaðarlega með það eitt að markmiði að tala frönsku og skemmta sér. Þetta segir hún bæði mikilvægt þar sem mikið er af blönduðum hjónaböndum hér þar sem börnin eru tvítyngd.

Hollt sé fyrir þau að sjá að fleiri fjölskyldur búa við svipaðar aðstæður. Þá fari frönskumælandi Íslendingum jafnframt fjölgandi í hópnum. Belgar eru sjálfsgagt í minnihluta í hópnum en samkvæmt tölum frá Hagstofunni búa einungis 94 Belgar hér á landi.

POLLAGALLAR OG FISKBÚÐIR

Talsverð viðskipti eru milli Belgíu og Íslands. Upplýsingar frá Hagstofunni sýna að á fyrstu ellöfu mánuðum ársins 2006 voru fluttar vörur hingað til lands frá Belgíu fyrir rúma sex milljarða króna. Er þar fyrst og fremst um að ræða matvæli af ýmsu tagi, plöntur, vefnaðarvörur og fatnað. Frá Íslandi til Belgíu fer meðal annars lambakjöt, fiskmeti og álblendi og á tímabilinu voru fluttar út vörur fyrir 4,3 milljarða króna.

„Pollagallar!“ er það fyrsta sem Muriel dettur í hug, sem svar við því hvaða íslensku vörur Belgar myndu helst kunna að meta. Þegar hún kom hingað til lands varð hún nefnilega frá sér numin af hrifningu þegar hún sá fyrst slíkar flíkur. „Í Belgíu eru ekki til pollagallar. Það er í raun mjög skrítið því það rignir mikið þar.“

Belgíska hagkerfið telst mjög opið og hefur á undanförunum árum þróast út í að vera mikið þjónustuhagkerfi. Belgía er eitt af upphafsríkjum Evrópusambandsins og þar er hin eiginlega höfuðborg Evrópu, Brussel. Íbúar landsins eru upp til hópna miklir Evrópusinnar. Þrátt fyrir það telur Muriel belgíska markaðinn nokkuð erfiðan. Bæði sé samkeppnin um hylli neytenda mikil og markaðurinn því sem næst mettaður á öllum sviðum. Hún telur þó eina hugmynd geta vel átt upp á pallborðið hjá belgískum neytendum – íslenskar sælkerafiskbúðir. „Það er mjög erfitt að fá ferskan fisk í Belgíu. Hann er oft meira en viku gamall þegar hann loksins kemst til neytandans. Það myndi því örugglega slá í gegn ef eitthvert stórfyrirtæki frá Íslandi tæki sig til og opnaði margar litlar fiskbúðir í Belgíu sem seldu ferskan fisk.“

Stólar

Senses stóllinn

Frábær fjölstillanlegur fundarstóll

Verð áður 57.800,-
Verð nú 43.350,-

25% afsláttur

Inn X Skrifstofuvörur og húsgögn
Faxafen 8 • 108 Reykjavík
Sími 577 1170 • Fax 577 1172 • www.innx.is

KONFEKT OG GÆSALIFUR

Muriel ólst upp við það að móðir hennar dvaldi klukkutímum saman í eldhúsinu til að nostra við sunnudagsmatinn. Að borða var ekki bara til þess að næra sig heldur fyrst og fremst til þess að njóta bragðsins og samverunnar. Á Íslandi þótti henni skorta á bæði þekkingu og þjónustu Íslendinga þegar kom að evrópskum sælkeravörum. Eitt þótti henni öðru fremur vanta – alvöru hágæðakonfekt frá föðurlandinu Belgíu. Til að ráða bót á þessum skorti og til að kynna alvöru sælkerafæði fyrir Íslendingum stofnaði Muriel því sitt eigið fyrirtæki sem fékk nafnið Veislumeistarinn.

Til að byrja með flutti Muriel eingöngu inn hágæðakonfekt. Fljótlega vatt starfsemin upp á sig og í dag flytur hún ýmsar tegundir af sælkeramat inn til landsins til viðbótar við konfektid. Má þar nefna gæsalifur, eða foie gras, af bestu gerð og belgíska sælgætið Dragée. Vörurnar hefur hún til sölu meðal annars í Vínberinu á Laugavegi, Ostabúðinni á Skólavörðustíg, verslunum Fylgifiska, Sandholt bakaríi, Gallery kjöti og í Mosfellsbakaríi. Hún stefnir nú á að auka enn við þjónustuna og gæði varanna, meðal annars með því að kaupa vörurnar beint af framleiðendum án þess að notast við milliliði.

Starfsemi Veislumeistarans snýst um fleira en innflutning. Muriel býður veisluráðgjöf fyrir skírnarveislur, fermingar, brúðkaup og aðra stórvíðburði. Hún hefur einnig átt í samstarfi við Stéphane Aubergy, franskan vinnuflytjanda sem rekur fyrirtækið Vínkruna. Saman bjóða þau einstaklingum og

FRÓÐLEIKSMOLAR

Í Belgíu ...

... eru árlega framleidd 172 þúsund tonn af súkkulaði.

... er að finna borgina Durbuy sem er fræg fyrir að vera minnst borg heims.

... eru framleiddar mörg hundruð tegundir af bjór.



GLEYMDIR ÞÚ FUNDINUM?

**Tapar ekki upplýsingum ef síminn týnist
Tölvupósturinn berst einnig í símann
Tvíbókanir og sein svör úr sögunni
Gleymir ekki fundum með viðskiptavinum**

OpenHand virkar á „snjallsímum“
allra helstu framleiðenda.

Með **OpenHand** ertu með símann beintengdan við tölvupóstinn, dagbókina og tengiliðina. Einnig hefur þú fullan aðgang að öllum möppum og skjölum, líkt og þú sætir við skrifborðið þitt.

Allar breytingar sem gerðar eru sjást jafnóðum bæði í símanum og tölvunni.

Þú getur skoðað og uppfært tengiliði og dagatalið hvar og hvenær sem er. Þú ert alltaf með nýjustu upplýsingar við höndina, skipuleggur þig betur og kemur meiru í verk.

Kynntu þér OpenHand nánar á **openhands.is**.



www.openhand.is

BANKHÓLFID



Sérsveit Geirs

Þeim hefur fjölgað ráðherrunum sem vilja stofna sérsveitir. Birni Bjarnasyni dómsmálaráðherra var lengi legið á hálsi fyrir að vilja stofna sérsveit.

Geir Haarde forsætisráðherra bættist í hópinn í síðustu viku. Geir sagði á Viðskiptaþingi í vikunni að í ljósi þess að Ísland er í 19. sæti af 35 í alþjóðlegri könnun þar sem ímynd þjóða var mæld ætli hann að stofna sérsveit sem hefði það að markmiði að bæta ímynd Íslands.

Ólíkt Birni hafa fáir sem engir gagnrýnt sérsveitartilburði Geirs. Líklega er mismunandi vopnaburði um að kenna. Sérsveitir bera alla jafna hátæknivopn, tól sem geta miðað út húsflugur á kílómetra færi. Vopnaburðurinn í ímyndarsérsveit Geirs hlýtur að sama skapi að samanstanda af jakka-fataklæddum glæsimennum og fegurðardísunum í drögtum með nýjustu farsíma á lofti. Það er því aldrei að vita nema sérsveitarmenn séu nú að kynna sér nýjustu tækni á farsímaráðstefnunni í Barcelona.

Forhertir þorskhausar

Leiðarahöfundur Moggans hefur oft amast við stórfyrirtækjunum og fundist þau vaða yfir allt og alla. Hann hefur nú fundið svar við slíku, en í leiðara blaðsins mátti lesa mikla lofgjörð um herðingu þorskhausar. Nú skal ekki gert lítið úr virðisauka af hugviti í þeirri grein, en ýmsir freistast til að lesa slíka lofgjörð í samhengi við önnur skrif blaðsins. Það má leika sér með að þarna sé þurrkun þorskhausar teft gegn hinum forhertu þorskhausum sem stundum má ætla að angri leiðarahöfund blaðsins.

Wahlroos blómstrar

Forstjóri Sampo, Björn Wahlroos, er á góðri leið með að verða mikilvægasti Íslandsvinurinn eftir kaup Exista í finnska fjármálfyrirtækinu. Wahlroos nýtur mikillar virðingar og er talinn áhrifamesti maður í finnsku viðskiptalífi. Bakgrunnur hans er um margt skemmtilegur, en hann var sannfærður stálinisti á árum áður. Hann var því í uppreisn gegn uppruninum en rætur hans liggja í rötgróinni borgarastétt. Faðir hans var meðal annars formaður finnska verslunarráðsins. Björn sneri heim til kapitalismans og hefur orðið nokkuð ágengt síðan. Wahlroos hefur verið heldur skeptískur á Íslendingana og verk að vinna að snúa honum. Það að það tókst að snúa honum frá Stalín er kannski merki um að verkefnið sé ekki vonlaust.

170

milljarðar króna er virði 15 prósentu eignarhlutar Exista í finnska tryggingafélaginu Sampo.

7,4%

verðbólga síðastliðna tólf mánuði.

4,3

milljarðar króna eru heildarútlán íbúðalánasjóðs á fyrsta mánuði ársins.

**SSANGYONG**

KYRON

FULLVAXINN LÚXUSJEPPI

Á FRÁBÆRU VERÐI!



**KYRON**
X-TRANSITION

**TURBO DIESEL INTERCOOLER**
141 hestafla vél, tog 310 Nm
Sjálfskiptur eða beinskíptur

Glæsileg, þægileg innrétting

Byggður á grind og með hátt og lágt drif

SsangYong KYRON

KYRON er nýr jeppi frá SsangYong í S-Kóreu hlaðinn nýjungum.



BILDHÖFÐI
HÚSAGNAHÖLLIN
VAGNHÖFÐI
TANGARHÖFÐI

Komdu, skoðaðu og prófaðu KYRON,
því stuttur reynsluakstur segir
meira en mörg orð.

Umboðsaðilar:
Bílasalan ÓS, Akureyri - s 462 1430
Bílhorni hjá Sissa, Keflavík - s 420 3300
Bílasala Austurlands, Egilsstaðir - s 471 3005

Bílahúð Benni

Tangarhöfða 8-12
s. 590 2000 • fax 590 2099 • benni@benni.is

Langflottastur!



SPRON Verðbréf
Peningamarkaðssjóður SPRON
15,3% ávöxtun*

**SPRON**
VERÐBRÉF

*Nafnvöxtun á ársgrundvelli frá 01.09. 2006 til 01.02. 2007.